



Ársskýrsla Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2007



Efnisyfirlit

Ávarp formanns menntaráðs	1
Frá fræðslustjóra	2
Stiklað á stóru 2007	4

1. Menntaráð Reykjavíkurborgar	6
Fulltrúar	6
Stefnumörkun	7
Eftirlit	9

2. Menntasvið – helstu verkefni 2007	10
Starfsáætlun	10
Skrifstofa fræðslustjóra	10
Grunnskólaskrifstofa	11
Fjármála- og rekstrarþjónusta	13
Mannauðsþjónusta	13
Upplýsingatæknisþjónusta	13
Námsferðir og erlend samskipti	14
Ráðstefnur og rannsóknarsamstarf	15
Nýir skólar og skóflustungur	16

3. Skólastarf í tölum	17
Nemendafjöldi	17
Nemendur af erlendum uppruna	19
Þróun og spá um nemendafjölda	19
Starfsmenn og starfsþróun	20

4. Starfsemi grunnskóla	22
Stefnumið og framkvæmd	22
Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna	22
Skóli án aðgreiningar	23
Góð andleg, líkamleg og félagsleg líðan	24
Tengsl skóla við grenndarsamfélagið	24
Sjálfstæði skóla og jafnræði í umgjörð	25
Samstarf heimila og skóla	25
Kannanir og rannsóknir	25
Samráð við skólustjóra og aðra hagsmunaaðila	26

5. Tónlistarnám og fullorðinsfræðsla	28
Skólahljómveitir	28
Tónlistarskólar	28
Námsflokkar Reykjavíkur	28

6. Verðlaun og styrkir	30
Hvatningarverðlaun tónlistarskóla	30
Barnabókaverðlaun	30
Nemendaverðlaun og hvatningarverðlaun	31
Kvikmyndahátíð grunnskólanna	31
Íslenskuverðlaun	33
Styrkir	34

7. Ársreikningur 2007	35
------------------------------------	-----------

8. Útgáfur árið 2007	39
-----------------------------------	-----------

9. Yfirlit yfir grunnskóla borgarinnar	40
---	-----------

Ársskýrsla Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2007

Gefin út í maí 2008.

Ábyrgð: Ragnar Þorsteinsson fræðslustjóri.

Töflur og myndir: Hallgerður Inga Gestsdóttir.

Umsjón: Sigrún Björnsdóttir.

Hönnun og umbrot: Ágústa Ragnarsdóttir.

Forsíðumynd: Guðmundur Ingólfsson.

Aðrar ljósmyndir: Sigrún Björnsdóttir og fl.

Prentun: Gutenberg.

ISSN 1670-6951

Helstu heimildir

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2007.

Fundargerðir menntaráðs.

Niðurstöður ýmissa kannanna.

Fyrri ársskýrslur.

Fréttatilkynningar.

Heimasíða menntasviðs, www.menntasvid.is.

Ávarp formanns menntaráðs



Árið 2007 var gróskuríkt og kröftugt hjá grunnskólunum í Reykjavík. Bryddað var upp á ýmsum nýjungum sem mæltust vel fyrir og grunnur lagður að fjölmörgum verkefnum. Flest miða þau að því að auka sveigjanleika og skapa þar með enn betri aðstæður til að sniða nám að þörfum hvers og eins. Lykillinn að því hlýtur að vera að draga fram og vinna með styrkleika sérhvers einstaklings. Athyglisvert er að skoða í því sambandi 1. grein laga um fræðslu barna frá 1946, en þar stendur að veita eigi hverjum tilsögn eftir sínum þroska. Þessi hugsun, sem er í raun sjálfsögð, hefur fengið vængi.

Þegar ákveðnum ytri ramma sleppir hafa grunnskólarnir frelsi til þess að skapa sér sérstöðu og faglegt sjálfstæði. Þeir skilgreina einstaklingsmiðað nám með ólíkum hætti, en allir stefna þeir þó að sama marki, hver með sínum tilbrigðum við sama stef. Borgaskóli hefur t.d. birt á heimasíðu sinni þessa skilgreiningu: „Einstaklingsmiðað nám byggir fyrst og fremst á rétti einstaklingsins til að afla sér þekkingar á þann veg sem höfðar mest til eiginleika hans og veitist honum auðveldara en ef hann á að fara leiðir þar sem styrkur hans nýtist illa“. Þetta er áhugavert og gengur skrefi lengra en grunnskólalögin. Í þeim eru sett fram tilmæli en ekki lagaskylda eða lagalegur réttur nemandans. Trúlega er þessi framsetning Borgaskóla þó nær ríkjandi starfsháttum og almennri skoðun skólasamfélagsins.

Framundan eru spennandi tímar í reykvísku skólastarfi, en það geta líka verið erfiðir tímar í vændum fyrir margar fjölskyldur. Hjól efnahagslífsins snúast ekki með sama hraða og áður og óvíst hvernig þjóðfélaginu reiðir af í því ölduróti. Skólinn er spegill samfélagsins og lætur sig velferð nemenda varða. Þegar á þarf að halda bregst hann snögglega við. Breyttar efnahagshorfur geta því haft áhrif á skólastarfið á þessu ári og þeim næstu.

Ef við viljum sækja í líkingar getum við sagt að hluti kennarastarfsins sé eins konar gullgröftur og að í þeim óvissuleiðangri geti kennarar fundið verðmæti miklu dýrmætari en gull. Mikilvægi kennarastarfsins fyrir velferð og menntun einstaklingsins og þar með framtíð samfélagsins verður seint ofmetið. Kjaramál kennara og ráðningar í kennarastöður voru mikið til umræðu á síðastliðnu ári. Lítil nýliðun í kennarastétt er áhyggjuefni. Kynjaskipting í stéttinni er það líka.

Hinn þekkti forstjóri og bókahöfundur Lee Iacocca sagði: „Í hinu fullkomna þjóðfélagi verða hinir bestu kennarar og hinir verða að sætta sig við eitthvað annað.“ Við erum svo lánsöm að mörg hinna bestu tóku ákvörðun um að helga sig kennarastarfinu, en því miður valda kjörin því að allt of margir sækja annað. Þessu verður að breyta.


Júlíus Vífill Ingvarsson
formaður menntaráðs

Frá fræðslustjóra



Ragnar Þorsteinsson
fræðslustjóri.

Starfsemi á nýju Menntasviði var kröftug á árinu 2007. Hópar á vegum menntaráðs voru að störfum um hin margvíslegustu málefni, s.s. um stöðu barna af erlendum uppruna í grunnskólum borgarinnar. Sá hópur skilaði um mitt ár skýrslunni *Reykjavík – fjölmenn-ingarborg barna*. Í haustbyrjun skilaði sameiginlegur starfshópur menntaráðs og leikskólaráðs tillögum að nýrri menntastefnu undir fyrirsögninni *Sveigjanleiki, sjálfstæði, sérstaða* og var vinna með starfsáætlun í ljósi hennar langt á veg komin í október þegar óvænt urðu meirihlutaskipti í borginni. Var þá stefnumótunavinnan tekin upp og endurskoðuð og starfsáætlun fyrir árið 2008 unnin í samræmi við breytt stefnumið.


Aðrir starfshópar á vegum menntaráðs skiluðu tillögum um sveigjanleg skólaskil og leiðir til að efla málþroska og læsi. Þá var gengið til samstarfs við tónlistarskóla um aukið samstarf við grunnskólana til að efla tónlistarmenntun og tónlistaruppeldi og unnið var að undirbúningi nýrra skólabygginga í þremur nýjum úthverfum borgarinnar.

Síðsumars ákvað menntaráð að meta með heildrænum hætti gæði skólastarfs í borginni. Stefnt er að því að skapa betri yfirsýn yfir alla þætti skólastarfs, efla starfsemi grunnskólanna og greina hvernig helstu stefnumiðum, s.s. um einstaklingsmiðað nám, er framfylgt.

Nýr fræðslustjóri, Ragnar Þorsteinsson, kom til starfa á Menntasviði í febrúar og ráðnir voru nýir stjórnendur í allar helstu stjórnunarstöður á aðalskrifstofu; Valgerður Janusdóttir tók við starfi mannauðsstjóra, Jón Ingi Einarsson kom til starfa sem fjármálastjóri og Auður Árný Stefánsdóttir tók í ágúst við starfi skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu.

Nýtt skipurit

Á árinu var gerð breyting á skipuriti Menntasviðs þannig að skólastjórar grunnskólanna heyra nú beint undir fræðslustjóra í stað skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu.





Stiklað á stóru 2007

Janúar

Starfsþróun

Á þriðja tug ritara og skrifstofustjóra í grunnskólum Reykjavíkur hófu í ársbyrjun 22 eininga nám í Verslunarskóla Íslands. Námið var skipulagt í samstarfi Menntasviðs, Verslunarfélags Reykjavíkur og Starfsmannafélags Reykjavíkur. Það tekur þrjár annir og byggist á staðbundnum lotum og fjarnámi.



Febrúar

Styrkir til þróunarstarfs

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri afhenti um miðjan febrúar styrki til nýbreytni- og þróunarstarfs skólaárið 2007-2008. Úthlutað var um 70 milljónum króna. Samtökin 78, SAMFOK og Myndlistarskólinn í Reykjavík fengu hæstu almennu styrkina frá menntaráði. Hæsti þróunarstyrkur menntaráðs kom í hlut Fossvogsskóla, Langholtsskóla og Seljaskóla, eða alls 2.700 milljónir kr. Þeim verður varið til rannsóknar sem miðar að því að bæta lífsstíl og heilsu 7-9 ára barna.



Mars

Hærrí styrkir til sjálfstætt starfandi grunnskóla

Styrkir borgarinnar til sjálfstætt starfandi grunnskóla voru hækkaðir í mars úr 515.963 kr. á nemanda á ári í 600.000 kr. Kostnaðarauki borgarinnar nam 35 milljónum kr. og rúmaðist innan fjárheimildar miðað við óbreyttan nemendafjölda.



Apríl

Fyrsti umhverfisdagur grunnskólanna

Föstudaginn 20. apríl var fyrsti umhverfisdagur að vori eftir samþykkt menntaráðs um að efna til tveggja slíkra daga á skólaárinu og þá hinn að hausti. Markmiðið er að efla umhverfisvitund nemenda og hvetja þá til að huga betur að umhverfi sínu og bættri umgengni.



Mái

Samráðsfundur með nemendum og foreldrum

Hátt í hundrað grunnskólanemendur lögðu fram hugmyndir í nýja menntastefnu borgarinnar á málþingi um miðjan maí. Margar góðar hugmyndir komu fram. Nemendur óskuðu þess m.a. að geta byrjað fyrr að læra tungumál.

Fulltrúar foreldraráða í grunnskólunum funduðu líka á vormánuðum með formanni menntaráðs og fengu kynningu á stöðu sérhvers skóla í borginni, en nýjar upplýsingar þar um voru birtar á heimasíðu Menntasviðs. Jafnframt var leitað eftir hugmyndum foreldra um hvernig standa mætti betur að upplýsingamiðlun um skólastarf.



Júní

Með tók á tölvunni

Fyrsti hópur reykviskra grunnskólakennara, alls 182 kennarar, útskrifaðist í *Tölvutökum* í júní. Námið miðar að því að auka þekkingu og færni til að samþætta kennslu og upplýsinga- og samskiptatækni. *Tölvutök* er eitt víðamesta símenntunarverkefni sem ráðist hefur verið í hjá grunnskólum Reykjavíkur. Það er til þriggja ára og er unnið í samstarfi Menntasviðs Reykjavíkurborgar og Kennaraháskóla Íslands.

Ágúst

Sæmundarskóli tekur til starfa

Sæmundarskóli í Grafarholti var settur í fyrsta sinn haustið 2007 og hófu tæplega 200 börn nám í bráðabirgðahúsnæði. Skóflustunga að nýju skólalúsi var svo tekin í byrjun desember.

Alls hóf 14.221 nemandi nám í grunnskólum borgarinnar haustið 2007, þar af voru 1.337 í 1. bekk Ellefu nýir skólastjórar tóku til starfa og tólf nýir aðstoðarskólastjórar.

September

Músíkalskt par

Fimm tónlistarskólar gengu í upphafi skólaárs til samstarfs við 10 grunnskóla í Reykjavík um verkefni sem hefur að markmiði að efla tónlistarlíf og tónlistarþátttöku skólabarna. Verkefni eru af ýmsum toga en miða öll að því að kynna nemendum ólíkar tónlistarhefðir og tónlistarflutning, s.s. í klassískri tónlist, dægurtónlist og djasstónlist. Þetta samstarf gengur undir nafninu *Músíkalskt par*.



Október

Meirihlutaskipti

Samfylking tók við forystu menntamála við meirihlutaskipti í borginni 16. október. Oddný Sturludóttir varð þá formaður menntaráðs. Nýr borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, heimsótti Fellaskóla á sínum fyrsta starfsdegi í fylgd Ragnars Þorsteinssonar fræðslustjóra.



Desember

Sterk skólastjórnun og virk teymisvinna

Námskeið breska skólaþróunarfræðingsins Dave Anderson með reykviskum skólastjórnendum hófst í desember, en hann stýrir árslöngu námskeiði um tengslanet skóla og teymisvinnu. Yfirskrift námskeiðsins er *Tími til að tengjast*.

Dave Anderson hefur verið ráðgjafi breskra skólayfirvalda og haldið námskeið fyrir skólastjórnendur víða um heim. Markmiðið með námskeiði hans er að styrkja skólastjórnendur í leiðtogastarfi og stuðla að auknu faglegu samstarfi grunnskólanna.



Nóvember

Brú milli skólastiga

Opinn umræðuvettvangur um skólastarf á fyrstu tveimur skólastigunum, svökölluð BRÚ, var settur á laggirnar. Þar verður þekkingu miðlað til að undirbyggja ákvarðanir beggja fagraða sem fara með menntamál í borginni.

1

Menntaráð Reykjavíkurborgar

Menntaráð Reykjavíkur fer með yfirstjórn fræðslumála í Reykjavík í umboði borgarstjórnar. Menntasvið Reykjavíkurborgar annast stjórnsýslu menntaráðs.

Fulltrúar

Frá áramótum og fram til 16. október starfaði menntaráð undir forystu Júlíusar Vífils Ingvarssonar, en í kjölfar meirihlutaskiptaskipta hjá Reykjavíkurborg 16. október tók nýtt menntaráð til starfa undir forystu Oddnýjar Sturludóttur.

Í menntaráði sátu 7 fulltrúar kosnir af borgarstjórn. Fulltrúi F-lista sat einnig fundi ráðsins sem áheyrnarfulltrúi. Skólastjórafélag Reykjavíkur, Kennarafélag Reykjavíkur og SAMFOK, samtök foreldrafélaga og foreldraráða í Reykjavík, áttu einnig áheyrnarfulltrúa í ráðinu.

Fræðslustjóri, fjármálastjóri, starfsmannastjóri og skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu sátu fundi ráðsins, auk ritara menntaráðs.

Frá 1. janúar til 16. október 2007 voru eftirtaldir fulltrúar í menntaráði:

Aðalmenn:

Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður
Anna Margrét Ólafsdóttir
Marta Guðjónsdóttir
Lilja Dögg Alfreðsdóttir
Stefán Jón Hafstein/Oddný Sturludóttir (frá jan.)
Sigrún Elsa Smáradóttir/Dofri Hermannsson (frá júní)
Svandís Svavarsdóttir

Varamenn:

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
Kristín Helga Guðmundsdóttir
Áslaug Friðriksdóttir
Sveinn Hjörtur Guðfinnsson
Dofri Hermannsson/Sigrún Elsa Smáradóttir (frá júní)
Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir/Ólöf Halldóra Þórarinsdóttir (frá júní)
Helga Björg Ragnarsdóttir

Frá 16. október 2007 voru eftirtaldir fulltrúar í menntaráði

Aðalmenn:

Oddný Sturludóttir, formaður
Sigrún Elsa Smáradóttir
Helga Björg Ragnarsdóttir
Lilja Dögg Alfreðsdóttir
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
Bolli Thoroddsen
Marta Guðjónsdóttir

Varamenn:

Magnús Már Guðmundsson
Eva Kamilla Einarsdóttir
Friðrik Dagur Arnarsson
Anna Margrét Ólafsdóttir
Ingunn B. Vilhjálmsdóttir
Áslaug Friðriksdóttir
Helga Kristín Auðunsdóttir

Áheyrnarfulltrúar í menntaráði:

Margrét Sverrisdóttir fulltrúi F-lista/Ásta Þorleifsdóttir (frá sept.)
Óskar Einarsson, fulltrúi Skólastjórafélags Reykjavíkur/Jónína Ó. Emilsdóttir (frá nóv.)
Sigrún E. Ólafsdóttir og Þorgerður Laufey Diðriksdóttir fulltrúar Kennarafélags Reykjavíkur
Bergþóra Valsdóttir fulltrúi SAMFOKs, samtaka foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Reykjavíkur

Stefnumörkun

Menntaráð Reykjavíkur hélt 22 fundi á árinu 2007. Það markaði stefnu um eftirtalda þætti:

- Í febrúar var ákveðið að efna til íslenskuverðlauna meðal reykviskra grunnskólabarna.
- Í mars samþykkti menntaráð að beina því til borgarráðs að hækka styrki til sjálfstætt starfandi skóla.
- Í mars fól menntaráð fræðslustjóra að kanna stöðu blindra og sjónskertra nemenda í ljósi jafnræðis til náms.
- Í mars samþykkti ráðið að setja í gang vinnu um viðbrögð og vinnuferli í málum er varða áskanir nemenda á hendur kennara um áreitni eða ofbeldi.
- Í mars var samþykkt að leggja til við borgarráð að skipa starfshóp og hefja viðræður við menntamálaráðuneyti um tilraunaverkefni um rekstur Reykjavíkurborgar á einum framhaldsskóla í borginni.

- Í mars samþykkti menntaráð að efna til hvatningaverðlauna tónlistarnema.
- Í ljósi skýrslu UNICEF um alvarlegrar stöðu íslenskra ungmenna að því er varðar sjálfsmynd þeirra var ákveðið að setja á laggir samráðsvetvang Menntasviðs með öðrum fag-sviðum, samtökum foreldra og fl.

- Í mars samþykkti menntaráð að beina því til borgarráðs að styrkir til sjálfstætt starfandi skóla yrðu hækkaðir vegna nýrra álagna í formi fasteignaskatta og atvinnulóðarleigu.
- Í apríl fól menntaráð fræðslustjóra að gera ítarlega könnun á því hvernig starfshættir grunnskólanna samræmast hugmyndum um einstaklingsmiðað nám.



- Í maí fól menntaráð fræðslustjóra að hrinda af stað vinnu um tilhögun á kennslu þroska-hamlaðra nemenda.
- Í maí var samþykkt að skipa starfshóp um tónmenntakennslu í grunnskólum Reykjavíkur.
- Í maí samþykkti menntaráð að Menntaskólinn í Reykjavík og Verslunarskóli Íslands gætu innritað nemendur úr 9. bekk grunnskóla í Reykjavík.
- Í maí samþykkti menntaráð tillögu um aðgerðir og viðbrögð við rannsókn Ingvars Sigurgeirssonar og Ingibjargar Kaldalóns, *Gullkistan við enda regnbogans*. Gerð yrði framkvæmdaáætlun til þriggja ára um almennar og sértækar leiðir til að takast á við hegðunarvanda nemenda.
- Í júní voru samþykktar tillögur starfshóps menntaráðs um málefni barna af erlendum uppruna.
- Í ágúst samþykkti menntaráð að stofna matshóp á Menntasviði sem hefði það verkefni að gera öflugt heildarmat á grunnskólum borgarinnar.
- Í ágúst samþykkti ráðið tillögur starfshóps um vinnulag skóla vegna nemenda með mikla félags- og samskiptaerfiðleika.
- Í ágúst var kynnt í menntaráði fyrirhugað samstarf tónlistarskóla og grunnskóla í Reykjavík – *Músíkalskt par*.
- Í ágúst samþykkti menntaráð að byggðir yrðu fjórir skólar í Úlfarsárdal, þar af þrír grunnskólar fyrir nemendur í 1.-7. bekk og einn safnskóli á unglingastigi fyrir nemendur í 8.-10. bekk.



- Í september var kynntur nýgerður samstarfssamningur milli Fjölbrotaskólans við Ármúla og Menntasviðs um fjarnám grunnskólanemenda í Reykjavík .
- Í september var fræðslustjóri falið að hefja undirbúningsvinnu við gerð samninga við sjálfstætt starfandi grunnskóla.
- Í september var fræðslustjóra falið að skipa starfshóp sem hefði það hlutverk að kanna hvernig viðbótarstund í 2.-4. bekk er notuð.
- Í nóvember samþykkti menntaráð að setja á laggirnar umræðu- vettvang leikskólaráðs og menntaráðs, BRÚ.
- Í nóvember samþykkti ráðið að stofna framkvæmdahóp um bættu þjónustu við nemendur með sértæka lestrarefiðleika.
- Í nóvember samþykkti ráðið að útvíkka starfshóp um tónmenntakennslu í þá veru að hann fjallaði einnig um hvernig auka mætti vægi listfræðslu í grunnskólum.
- Í nóvember samþykkti menntaráð að skipa starfshóp um heimanám, sérstaklega í yngstu bekkjum.
- Í nóvember samþykkti menntaráð að skipa starfshóp sem skili tillögum um tilhögun og fyrirkomulag kennslu nemenda með félagslegar og tilfinningalegar raskanir og hegðunarvanda.
- Í desember var fræðslustjóra falið að vinna í samstarfi við skólastjóra grunnskóla Reykjavíkur að því að mynda starfshóp í hverjum skóla með fulltrúum úr grenndarsamfélaginu sem stuðli að frekari samfelli frístundastarfs í hverju hverfi.
- Í desember samþykkti ráðið að kalla þegar í stað eftir nánari greiningu frá Námsmatsstofnun á niðurstöðum reykvískra grunnskólabarna í PISA-könnun 2006. Menntaráð samþykkti einnig að skipa aðgerðahóp um PISA 2009.
- Í desember samþykkti ráðið að fela fræðslustjóra að ganga til viðræðna við Simenntun, rannsóknir, ráðgjöf um simenntunarnámskeið fyrir kennara.
- Í desember var kynntur fyrirhugaður samstarfssamningur Menntasviðs við Kennaraháskóla Íslands um eflingu málþroska og læsis í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Eftirlit

Eftirlit menntaráðs með skólalaldi í borginni fór einkum fram með svörum við fyrirspurnum fulltrúa og minnisblöðum um ýmis mál sem lögð voru reglulega fyrir ráðið.

Skóladagatöl allra grunnskóla voru yfirfarin og staðfest af menntaráði og kallað var eftir umbótaáætlunum og upplýsingum um stöðu sjálfsmats í grunnskólum borgarinnar. Staða starfsmannamála var kynnt reglulega.

Fylgst var með skólastarfi með ýmsum könnunum, s.s. fyrirspurnum til skólastjórnenda, lesskimun nemenda í 2. bekk, stærðfræðiskimun hjá 3. bekk og niðurstöðum könnunar meðal foreldra nemenda í skólahljóm-sveitum. Ráðið fékk kynningu á niðurstöðum PISA 2006 og rannsókn OECD, *Litið á menntamál*.

Menntaráð ákvað að taka upp þá nýjung að láta gera heildarmat á skólastarfi í 6-7 grunnskólum á hverju skólaári með það að markmiði að efla skólastarf í borginni. Gerð var tilraun með heildarmat á einum grunnskóla í Reykjavík á vorönn, en alls fór fram heildarmat í fjórum skólum á árinu 2007. Það á að vera stöð fyrir skóla til að efla skólastarfið, styrkja innviði skólans, skólabrag og búa til samhljóm í skólanum. Unnið var eftir ferli mats sem mótað var í starfshópi á árinu 2006. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum, skrifuð skýrsla og teknar saman ábendingar um styrkleika og veikleika í skólastarfinu. Matið tekur alls 6 vikur frá því kynning hefst og þar til matshópur skilar skólanum skýrslu og niðurstöðum.

Um verðlaun og styrki menntaráðs sjá bls. 30.

2

Menntasvið Helstu verkefni 2007

Starfsáætlun

Vorið 2007 var ákveðið að starfsáætlanir Leikskólasviðs og Menntasviðs fyrir árið 2008 yrðu aðskildar, en starfsfólk sviðanna vann á árinu ásamt fulltrúum fagráða að mótun sameiginlegrar menntastefnu beggja skólastiga. Vinna við starfsáætlun hófst í byrjun sumars, en fór aðallega fram á haustmánuðum eins og undanfarin ár.

Starfsáætlunarhópur Menntasviðs og ritnefnd funduðu reglulega og samráð var haft við skólastjórnendur, stjórnendur skólahljómsveita, deildarstjóra, framkvæmdastjóra á þjónustumiðstöðvum og fulltrúa foreldra og nemendaráða. Meirihlutaskipti urðu í borginni 16. október og var starfsáætlun í kjölfarið endurskoðuð, m.t.t. stefnumiða og forgangsmála. Drög að endanlegri fjárhags- og starfsáætlun voru lögð fyrir menntaráð 31. október og samþykkt í borgarstjórn 4. desember 2007.

Skrifstofa fræðslustjóra

Skrifstofan bar ábyrgð á þjónustu við menntaráð, hafði yfirumsjón með undirbúningi stefnumörkunar og innleiðingu breytinga, samskiptum innan lands og utan, kynningarmálum, gæðamálum, skjalastjórnun, mati á skólastarfi og ráðgjöf vegna sérkennslu.

Ragnar Þorsteinsson fræðslustjóri styrði skrifstofunni frá 1. mars, en auk hans störfuðu þar stjórnunaritari, gæðastjóri, skjalastjóri og þrjú verkefnastjórar. Undir skrifstofu fræðslustjóra heyra tölfræði- og rannsóknþjónusta, Námsflokkar Reykjavíkur og forstöðumaður tónlistarmála.

Tölfræði- og rannsóknþjónusta

Meginhlutverk tölfræði- og rannsóknþjónustu var að safna og vinna úr gögnum um leik- og grunnskólastarf í borginni, auk áætlanagerðar, s.s. nemendaspár og vinnu við rannsóknir á skólastarfi. Deildarstjóri var Hildur B. Svavarsdóttir, en auk hennar störfuðu þrjú sérfræðingar og nemendaskráritari á deildinni.

Helstu verkefni 2007

- Úrvinnsla úr skimunum í grunnskólum, s.s. lesskimun og *Talnalykli*.
- Taka saman upplýsingar um stöðu grunnskóla í samræmi við kannanir.
- *Hvað segja foreldrar um skólastarf?* Rýnihóparannsókn í kjölfar viðhorfskönnunar.
- Gagnaöflun vegna heildarmats grunnskóla.
- Undirbúningur vinnustaðagreiningar og þátttaka í kynningu á niðurstöðum í leik- og grunnskólum.

- Aðstoð við skólastjórnendur um framkvæmd, úrvinnsla og túlkun kannana í skólastarfi.
- Unnið að gerð ferla um innritun í grunnskóla.

Námsflokkar Reykjavíkur

Formleg stefnumótun um félagslega menntastefnu Reykjavíkur fór fram á árunum 2005-2006 og var samþykkt í borgarráði 8. júní 2006. Það er ábyrgð Námsflokka Reykjavíkur að framfylgja félagslegri menntastefnu í samvinnu við öll svið borgarinnar.

Megináherslur 2007

- Umsjón með eins og hálfis árs löngu starfendurhæfingar-námskeiði á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar með aðkomu Tryggingarstofnunar ríkisins. Námsflokkanir sáu að mestu um fræðsluhlutann, en sex slík námskeið voru haldin á árinu fyrir um eitt hundrað nemendur.
- Námsver í íslensku, stærðfræði, ensku og námstækni voru opin almenningi og um 70 manns sótti þau.
- Náms- og starfsráðgjöf var veitt almenningi á þjónustumiðstöðvum borgarinnar og í húsnæði Námsflokka að Þönglabakka 4.

Forstöðumaður tónlistarmála

Laufey Ólafsdóttir gegndi starfi forstöðumanns tónlistarmála á árinu 2007 og hélt utan um tónlistarfræðslu á vegum skólahljómsveita og þá tónlistarskóla sem Reykjavíkurborg er með þjónustusamninga við.

Helstu áherslur 2007

- Samstarf tónlistarskóla og grunnskóla eft.
- Skipulögð var símenntun fyrir stjórnendur og kennara skólahljómsveita.
- Skipulögð var náms- og kynnisferð til Minneapolis í Bandaríkjunum.
- Unnið var að breytingum á reglum um þjónustusamninga við tónlistarskóla.

Grunnskólaskrifstofa

Á grunnskólaskrifstofu var unnið að uppbyggingu skólastarfs og stefnumörkun, aflað upplýsinga um skólastarf og miðlað til menntaráðs, og haldið utan um starfshópa á vegum ráðsins. Ráðgjöf við foreldra var snar þáttur í starfseminni og skrifstofan undirbjó jafnframt hönnun og framkvæmdir við skólabyggingar í Norðlingaholti, Grafarholti og Úlfarsárdal. Unnið var samkvæmt ferli *Frá hinu almenna til hins sértæka*, sem útheimtir töliverðan undirbúning og skýrslugerð. Skrifstofan vann að endurgerð skólalóða í samvinnu við Framkvæmdasvið borgarinnar.

Birna Sigurjónsdóttir var skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu fram til 1. ágúst, en þá tók Auður Árný Stefánsdóttir við því starfi. Á grunnskólaskrifstofu störfuðu að auki fimm verkefnastjórar.

Grunnskólaskrifstofa skipulagði símenntun og kynningar- og námsferðir skólastjórnenda innan lands og utan. Skrifstofustjóri sat jafnframt fundi í samráði skólastjóra og styrði mánaðarlegum fundum með skólastjórum borgarinnar.

Helstu áherslur 2007

- Áhersla var sem fyrr á að styðja við faglega framþróun grunnskólans í átt til einstaklingsmiðaðs náms og leitast var við að skýra ferla og vinnubrögð í þjónustu við skólana.
- Skrifstofan hafði umsjón með úthlutun styrkja menntaráðs til nýbreytni- og þróunarstarfs.
- Eftt var til námskeiðs til að styrkja stjórnendur í leiðtogastarfi.



- Áfram var unnið að verkefni um hvernig styrkja megi sjálfsmynd nemenda og félagsfærni.
- Gæðahandbók fyrir skólamötuneyti kom út og ráðgjöf var veitt skólamötuneytum um mataræði og hollustu.
- Starfshópur um sveigjanlegan námstíma í grunnskóla skilaði skýrslu og tillögum.
- Unnið var að aukinni samfelli í skólastarfi í samstarfi við ÍTR og tónlistarskóla.
- Samráð var haft við Leikskólasvið, leikskólaráð, skólastjórnendur, nemendur, foreldra og grunnskólakennara um endurskoðun á menntastefnu borgarinnar.
- Áfram var unnið að því í samvinnu við SAMFOK að efla foreldraráð, s.s. með endurskoðun og útgáfu á bæklingnum *Stoðir í skólastarfi*.
- Unnið var að tilraunaverkefni um sveigjanlega viðmiðunarstundaskrá í samvinnu við menntamálaráðuneyti og sjö skóla.
- Unnið var að endurskoðun á ferlum vegna meðferðar einstaklingsmála, úthlutunarreglum vegna sérkennslu, viðbrögðum vegna fíkniefnaneyslu og atferlisvanda.

Sérkennsla

Í samræmi við stefnu borgarinnar um skóla án aðgreiningar er úthlutað fjármagni til sérkennslu, annars vegar vegna nemenda með almenna og sértæka námserfiðleika og hins vegar vegna fötlunar og sérkennsluþarfa. Á haustönn 2007 fengu grunnskólarnir úthlutað fjármagni í sérstuðning við 677 nemendur.

Helstu verkefni 2007

- Gerð og innleiðing ferils um úthlutun fjármagns til sérkennslu vegna nemenda með fatlanir og alvarlegar raskanir.
- Úthlutun fjármagns til almennra grunnskóla vegna mikið fatlaðra nemenda.
- Úttekt og skil starfshóps um sérfræðipjónustu skóla á slíkri þjónustu við grunnskóla í Reykjavík.
- Vinna stýrihóps og þriggja undirhópa við úttekt og tillögur um kennslu nemenda með þroskahömlun í almennum grunnskólum, sérdeildum og sérskólum.
- Vinna starfshóps um sjálfsmynd og félagsfærni nemenda.
- Framkvæmdahópur um bættu þjónustu við nemendur með sértæka lesröskun hóf störf á árinu.

Skólamötuneyti

Átak var gert í gæðamálum skólamötuneyta á árinu. Til að tryggja sem best öryggi var gerð krafa um virkt innra eftirlit samkvæmt reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Menntasvið og Leikskólasvið stóðu að útgáfu *Gæðahandbókar skólamötuneyta um innra eftirlit*. Hún geymir leiðbeiningar og vinnulýsingar til að tryggja rétta meðhöndlun, vinnslu og eldun á matvælum. Bókinni var fylgt eftir með námskeiðum.

Á árinu var einnig lagður grunnur að öðru átaki til að bæta þjónustu skólamötuneyta. Samningar tókust um að setja upp nýtt forrit undir nafninu *Tvær hendur* í skólamötu-neytum borgarinnar. Það tryggir öryggi barna með sérþarfir vegna mataræðis, s.s. matarofnæmi og mataróþol og auðveldar allt bókhald, yfirlit yfir greiðslustöðu og innheimtu fyrir skólamáltíðir.

Fjármála- og rekstrarþjónusta

Helstu verkefni tengdust stefnu- mörkun, fjárhagsáætlun, rekstrar- þjónusta, fjárhagseftirliti og ráðgjöf. 7 manns sinntu fjárhagsáætlun, rekstraráætlunum, búnaði, tölfraði, fjárhagseftirliti og innheimtu. Verkefnisstjóri byggingarmála sá um ýmis verkefni er tengjast rekstri og viðhaldi skólabygginga og fristunda- heimila. Einnig hafði hann umsjón með skólaakstri. Jón Ingi Einarsson var fjármálastjóri Menntasviðs.

Helstu áherslur 2007

- Samræming ferla og vinnubragða í tengslum við gæðahandbók Menntasviðs.
- Undirbúningsvinna vegna útboða, s.s. vegna sorphreinsunar, innkaupa á fiski í skólamötuneytin og innkaupa á húsgögnum í skóla.
- Undirbúningur að innleiðingu á nýju innheimtukerfi fyrir skólamötuneyti.
- Sett var af stað metnaðarfullt verkefni til þess að bæta innkaup Menntasviðs í samvinnu við Innkaupa- og rekstrarskrifstofu og Capacent.
- Átak var gert í því að kynna afsláttarsamninga fyrir skóla- stjórnendum.

Mannauðsþjónusta

Verkefni mannaúðsþjónustu skiptust á árinu 2007 í þrjá meginþætti:

1. Vinnurétt og ráðningar, s.s. ráðgjöf til skólastjórnenda, kynningu og túlkun á kjara- samningum og námskeið.
2. Vinnuumhverfi, s.s. ráðgjöf og úrlausn vegna ágreinings- og eineltismála, áhættumat, skipulagning og fræðsla á starfsdögum, námskeið, fyrir- lestrar og eftirfylgd vinnu- staðagreininga.
3. Starfsþróun og símenntun, s.s. aðstoð við gerð símenntunar- áætlana, umsjón með námskeið- um fyrir skólastjórnendur og skipulag náms fyrir sérhæfða starfsmenn í grunnskólum.

Mannauðsþjónusta veitti á árinu fjölþætta þjónustu og ráðgjöf, hélt utan um starfsauglýsingar og hafði umsjón með ráðningum stjórnenda í skólunum og starfsmanna á skrifstofu Menntasviðs. Valgerður Janusdóttir mannaúðsstjóri annaðist formleg samskipti við stéttarfélag.

Í árslok voru stöðugildin 4 1/2, auk þjónustu lögfræðings sem ráðinn var á Leikskólasvið, en þjónustaði Menntasvið í 60% starfi.

Helstu áherslur 2007

- Stuðningur við stjórnendur um starfsmannamál.
- Fræðsla, úrvinnsla og eftirfylgd í kjölfar vinnustaðagreiningar í samvinnu við Capacent og þrjá ráðgjafa.
- Fylgt var eftir sérhæfðu námi fyrir ritara í grunnskólum og fleiri hópa, m.a. í samvinnu við V.Í. og aðra framhaldsskóla.

- Fylgt var eftir átaksverkefni sem byggir á markmiðum í starfs- áætlun um bætt samskipti í skólum borgarinnar, m.a. haldin viðamikil námskeið með teyllum úr skólunum.
- Námskeið var haldið um mál- þroska og læsi í samvinnu við Leikskólasvið.
- Námskeið var haldið fyrir deild- arstjóra um teymiskennslu í grunnskólum.
- Námskeið hófst fyrir skólastjóra og aðstoðarskólastjóra um skólasamstarf, stjórnun og virka teymisvinna undir stjórn breska skólaþróunarfræðingsins Dave Anderson og Háskólans í Reykjavík
- *Tölvutök*. Umfangsmikið símenntunarverkefni í samvinnu við KHÍ sem hefur það markmið að efla færni kennara við að nota tölvu- og upplýsingatækni í kennslu.
- Áhættumati í grunnskólunum var fylgt eftir.

Upplýsingatækniþjónusta

Deildin hafði yfirumsjón með notkun upplýsingatækni í skólastarfi í grunnskólum borgarinnar. Helstu verkefni tengdust daglegri þjónustu, áætlanagerð, rekstri og uppbyggingu tækni- umhverfis ásamt stefnu- mörkun og ráðgjöf. Upplýsinga- tækniþjónusta er skipt í þrjár einingar:

1. Kerfisstjórn sem sér um rekstur miðlarakerfis og uppsetningu vél- og hugbúnaðarkerfa. Þrjú starfsmenn sinntu kerfisstjórn, þjónustustjóri var Ali Mobli.

2. Notendapjónustu fyrir helming grunnskóla og alla leikskóla Reykjavíkurborgar. Hún sér einnig um rekstur þjónustuborðs upplýsingatækniþjónustu. 10 starfsmenn sinntu daglegri notendapjónustu, þjónustustjóri var Páll Dungal.
3. Skólasafnapjónustu sem rekur innkaupa- og ráðgjafapjónustu fyrir skólasöfn Reykjavíkur. Starfsmenn voru 5 og var Margrét Björnsdóttir þjónustustjóri.

Sigþór Örn Guðmundsson var forstöðumaður upplýsingatækniþjónustu.

Helstu áherslur 2007

Byggja upp þjónustuumhverfi þar sem sameinuð var nær- og fjarþjónusta fyrir skóla með þjónustusamning við deildina. Í árslok hafði nær helmingur grunnskólanna gert slíkan þjónustusamning og einn einkaskóla.

Undirbúin að gerð sjálfvirks umsjónarkerfis fyrir notendur, þar sem upplýsingakerfi sviðanna tengist Mentor og mannauðskerfi Reykjavíkurborgar. Einnig hófst undirbúningur að því að tölvuvæða skólasafnskerfið þannig að mynd- og hljóðefni verði aðgengilegt nemendum og starfsfólki í gegnum netnámskerfi Reykjavíkurborgar. Unnið var að nýju upplýsingakerfi fyrir leikskóla í Reykjavík.



Námsferð til Virginíu.



Náms- og kynnisferð til Danmerkur og Svíþjóðar.

Námsferðir og erlend samskipti

Námsferð til Virginíu

Hópur aðstoðarskólastjóra hélt í mars til Virginíu í Bandaríkjunum til að sitja námskeið um kennsluhætti sem þykja til fyrirmyndar (Best Practices Institute). Aðalfyrirlesarar voru Carol Ann Tomlinson og Jay McTighe, en þau eru höfundar að bókinni *Connecting Content and Kids, Integrating Differentiated Instruction & Understanding by Design* (2006). Farið var yfir hugmyndafræði einstaklingsmiðaðs náms og nám og kennslu sem byggist á markvissri áætlanagerð.

Náms- og kynnisferð til Danmerkur og Svíþjóðar

Í mars fóru 17 skólastjórar og starfsmenn á Menntasviði, auk formanns menntaráðs, í náms- og kynnisferð til Danmerkur og Svíþjóðar. Þeir kynntu sér hvernig staðið er að teymisvinnu kennara, einstaklingsmiðuðu námi, námsmati og gerð nemendaáætlana.

Austurland sótt heim

Yfirmenn fræðslumála og skólastjórar í Reykjavík heimsóttu Fjarðabyggð í október og skoðuðu

m.a. grunnskóla Reyðarfjarðar, nýtt álver og Stríðsárasafnið. Skólaskrifstofa Austurlands skipulagði heimsóknina og bæjaryfirvöld héldu veglega móttöku fyrir hópinn.

Listgreina- og tónlistarskólar í Minneapolis

Skólastjórar 12 tónlistarskóla í Reykjavík ásamt formanni menntaráðs, tveimur borgarfulltrúum, fræðslustjóra og forstöðumanns tónlistarmála fóru í náms- og kynnisferð til Minneapolis í apríl. Tilgangur ferðarinnar var að skoða grunn- og framhaldsskóla, sem leggja sérstaka áherslu á listgreinakennslu, og tónlistarskóla með þjónustusamning við grunnskóla og aðrar stofnanir í samfélaginu. Alls voru 7 skólar heimsóttir og fylgst var með kennslu og æfingum.

Norrænir fræðslustjórar funduðu í Ósló

Árlegur fundur fræðslustjóra var haldinn í Ósló 10.-12. júní. Meginefni fundarins var árangur nemenda og hvernig hann tengist stjórnun og námsskipulagi.



Heimsóknir erlendra gesta

- Níu fræðslustjórar frá Kalmar í Svíþjóð heimsóttu Menntasvið í mars og kynntu sér skólastarf og stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum með áherslu á upplýsingatækni í skólastarfi. Fulltrúi frá Námsmatsstofnun flutti þeim erindi um niðurstöður PISA-rannsóknanna og hópurinn heimsótti Kennaraháskóla Íslands og grunn- og framhaldsskóla í borginni.
- Tékkneskir skólastjórnendur heimsóttu Menntasvið í maí og fengu ítarlega kynningu á skólastarfi í Reykjavík.
- Hópur skólafólks frá Eistlandi kom í þekkingarheimsókn í ágúst og sat daglangt námskeið hjá Menntasviði.

- Sveitarstjórnarmenn frá Vejle í Danmörku heimsóttu Menntasvið í ágúst og fengu kynningu á tveimur fyrstu skólastigunum.
- Í september fengu kínverskir embættismenn frá Sjanghæ kynningu á Menntasviði og heimsóttu tvo grunnskóla í borginni.

Ráðstefnur og rannsóknasamstarf

Skóli á nýrri öld

Grunnskólakennarar í Reykjavík fjölmenntu á ráðstefnunna *Skóli á nýrri öld* á Hótel Nordica á öskudag, 21. febrúar. Aðalfyrirlesari var sænski skólaþróunarfræðingurinn Ulf Hedén, sem fjallaði um þróun

skólastefnu og uppbyggingu einstaklingsmiðaðs náms í sænskum grunnskólum. Einnig voru margþætt fagleg málefni rædd í málstofum, s.s. lýðræði í skólastarfi, rafrænt kennsluumhverfi og teymisvinna kennara.

Gagn og gaman

Menntasvið og Íþróttá- og tómsundasvið Reykjavíkurborgar stóðu að málþingi 12. apríl á Grand Hótelu þar sem fjallað var um samstarf frístundaheimila og grunnskóla. Málþingið var fyrir skólastjóra og deildarstjóra yngsta stigs í grunnskólum, svo og umsjónarmenn og starfsfólk ÍTR.





Málþing í Miðbergi í Breiðholti.



Freyja Haraldsdóttir fyrirlesari.



Skóflustunga tekin að nýjum Sæmundarskóla.

Bránnpunkt Norden 2007

Norræna skólamálaráðstefnan Bránnpunkt Norden var haldin 10. og 11. maí. Að henni stóðu Reykjavíkurborg, Samband sveitarfélaga á Norðurlöndum og menntamálaráðuneyti. Að þessu sinni var sjónum beint að nýsköpun, frumkvöðlamente og mati á skólastarfi. Ráðstefnan var fjölsótt og þótti takast mjög vel.

Maður brýnir mann

Árlegt málþing KHÍ var haldið í samstarfi Menntasviðs og Leikskólavíðs Reykjavíkurborgar, menntamálaráðuneytis, Þroskaþjálfafélags Íslands, Félags íslenskra framhaldsskóla, Heimilis og skóla og fl. Dagskráin var afar viðamikil og voru flutt um 80 erindi.

Mennt er máttur – málþing og fyrirlestraröð um skólagöngu fatlaðra

Húsfyllir var á námstefnu Menntasviðs og Landssamtakanna Þroskaþjálfar um skólagöngu fatlaðra sem haldinn var í Þjóðminjasafninu 25. október. Þar talaði meðal annarra Freyja Haraldsdóttir um gildi skólastarfs án aðgreiningar. Í nóvember var námsstefnunni fylgt

eftir með fjórum fyrirlestrum um málefni fatlaðra grunnskólanema.

Samstarf í hverfum og samfella í skólastarfi

Menntasvið ásamt öðrum fagsviðum stóð að fjölmennu málþingi í félagsmiðstöðinni Miðbergi í Breiðholti um leiðir til að auka samstarf stofnana í hverfum borgarinnar. Í málstofum var fjallað um samfelli í skólastarfi, foreldrasamstarf, umhverfisuppeldi og forvarnir. Öllum hugmyndum sem fram komu var haldið til haga og verða þær nýttar til að styrkja þverfaglegt samstarf stofnana og tengslanet í hverfunum með það að markmiði að bæta þjónustu við borgarbúa.

Samstarf við KHÍ

Í lok árs var undirrituð viljayfirlýsing um samstarf Menntasviðs og nýstofnaðrar Rannsóknarstofu KHÍ um þroska, mál og læsi. Áhersla verður lögð á ráðgjöf vegna þróunarverkefna í grunnskólum sem hafa það að markmiði að efla málþroska og læsi, mat á slíkum verkefnum, fræðslufundi fyrir foreldra, námskeið fyrir kennara og ráðgjöf og fræðslu um lestrarerfiðleika.

Nýir skólar og skóflustungur

Skólabyggingar í Úlfarsárdal

Tímaáætlun um uppbyggingu grunnskóla í Úlfarsárdal var samþykkt í framkvæmdaráði borgarinnar í október. Byggðir verða fjórir grunnskólar, þrjár fyrir nemendur í 1. - 7. bekk með um 410 nemendur í hverjum skóla og einn safnskóli á unglíngastigi fyrir um 525 nemendur. Undirbúningsvinna við alla skólana hófst á árinu og gert er ráð fyrir að fyrsti skólinn, sem standa mun við Úlfarsárbraut, verði tekinn í notkun í byrjun árs 2010.

Skóflustunga að nýjum Sæmundarskóla

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tók skóflustungu að nýjum Sæmundarskóla 13. desember og naut til þess liðsinnis nemenda við skólann. 420 nemendur munu stunda nám í nýja skólanum þegar hann verður tilbúinn í ársbyrjun 2010.

3

Skólastarf í tölum

Tafla 3.1.

Nemendur í almennum grunnskólum haustið 2007 og stofnár skóla


	Skólastig	Fjöldi nemenda	Stofnár
Austurbæjarskóli	1.-10. bekkur	523	1930
Álftamýrarskóli	1.-10. bekkur	353	1964
Árbæjarskóli	1.-10. bekkur	780	1967
Ártúnsskóli	1.-7. bekkur	149	1987
Borgaskóli	1.-10. bekkur	346	1998
Breiðagerðisskóli	1.-7. bekkur	330	1955
Breiðholtsskóli	1.-10. bekkur	503	1969
Engjaskóli	1.-10. bekkur	316	1995
Fellaskóli	1.-10. bekkur	328	1975
Foldaskóli	1.-10. bekkur	412	1985
Fossvogsskóli	1.-7. bekkur	291	1971
Grandaskóli	1.-7. bekkur	290	1986
Hagaskóli	8.-10. bekkur	559	1958
Hamraskóli	1.-10. bekkur	295	1991
Háteigsskóli	1.-10. bekkur	411	1968
Hlíðaskóli	1.-10. bekkur	522	1955
Hólabrekkuskóli	1.-10. bekkur	537	1974
Húsaskóli	1.-10. bekkur	344	1991
Hvassaleitisskóli	1.-10. bekkur	236	1966
Ingunnarskóli	1.-10. bekkur	453	2001
Klébergsskóli	1.-10. bekkur	164	1929
Korpuskóli	1.-10. bekkur	253	1999
Langholtsskóli	1.-10. bekkur	560	1952
Laugalækjarskóli	7.-10. bekkur	286	1960
Laugarnesskóli	1.-6. bekkur	401	1935
Melaskóli	1.-7. bekkur	579	1936
Norðlingaskóli	1.-9. bekkur	193	2005
Réttarholtsskóli	8.-10. bekkur	363	1956
Rimaskóli	1.-10. bekkur	720	1993
Selásskóli	1.-7. bekkur	284	1986
Seljaskóli	1.-10. bekkur	698	1979
Sæmundarskóli	1.-7. bekkur	187	2007
Vesturbæjarskóli	1.-7. bekkur	252	1958
Víkurskóli	1.-10. bekkur	275	2001
Vogaskóli	1.-10. bekkur	360	1959
Ölduselsskóli	1.-10. bekkur	541	1975
Samtals		14.094	

Nemendafjöldi

Haustið 2007 voru 36 almennir grunnskólar starfræktir í Reykjavík, 3 sérskólar og 5 sjálfstætt starfandi grunnskólar. Nýr grunnskóli, Sæmundarskóli í Grafarholti, tók til starfa í bráðabirgðahúsnæði á árinu og hófu 187 nemendur þar nám á haustönn.

14.094 nemendur voru í almennum grunnskólum haustið 2007. Fimmta árið í röð fækkaði nemendum og voru þeir rúmlega 200 færri en á árinu á undan.

Að meðaltali var 21 nemandi í hverri bekkjardeild grunnskólanna. Í 3 sérskólum stunduðu 127 nemendur nám og hafði þeim fækkað um 20 frá árinu áður. Nemendur í einkareknum grunnskólum voru 431 og hafði fjölgað um 40 milli ára. Að auki voru 92 nemendur í 5 ára bekk sjálfstætt starfandi skóla.





Tafla 3.2.
Nemendur í sérskólum haustið 2007*

Skóli	Skólastig	Fjöldi nemenda
Brúarskóli	4.-10. bekkur	22
Nemendur í geðrænum og félagslegum vanda		
Safamýrarskóli	2.-10. bekkur	14
Fjölfatlaðir nemendur		
Öskjuhlíðarskóli	1.-10. bekkur	91
Greindarskertir nemendur		
Samtals		127

*Fimm ára nemendur ekki taldir með.

Tafla 3.3.
Nemendur í einkareknum grunnskólum haustið 2007

Skóli	Skólastig	Fjöldi nem. ³⁾
Landakotsskóli ¹⁾	1.-10. bekkur	145
Skóli Ísaks Jónssonar ²⁾	1.-3. bekkur	153
Suðurhlíðarskóli	1.-10. bekkur	39
Tjarnarskóli	8.-10. bekkur	42
Waldorfskólinn Sólstafir	1.-9. bekkur	52
Samtals		431

¹⁾ Að auki voru 22 fimm ára nemendur í Landakotsskóla.

²⁾ Að auki vor 70 fimm ára nemandur í Skóla Ísaks Jónssonar.

³⁾ Alls nemendur 523

Tafla 3.4.
Heildarfjöldi nemenda eftir gerð skóla að hausti 1997-2007*

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Almennir grunnskólar	13.844	14.103	14.242	14.459	14.707	14.909	14.870	14.844	14.568	14.358	14.094
Sérskólar	177	160	165	175	176	159	150	152	145	157	127
Einkareknir grunnskólar	521	524	518	544	498	427	409	357	362	390	431
Samtals	14.542	14.787	14.925	15.178	15.381	15.495	15.429	15.353	15.075	14.905	14.652


*92 fimm ára nemendur í einkaskólum ekki taldir með

Nemendur af erlendum uppruna

Alls fengu 457 nemendur af 42 þjóðernum kennslu í íslensku sem öðru tungumáli á árinu 2007. Það eru um 70 nemendum fleiri en á árinu 2006. Flestir nemendur af erlendu bergi brotnu voru í skólum í Miðborg/Hlíða hverfi eða 160, en fæstir í Árbæ og Grafarholti. Flestir nemendur sem fengu íslenskukennslu voru frá Póllandi eða 113, Filippseyjum (57) og Litháen (30).

Mynd 3.1

Nemendur sem fengu kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eftir borgarhverfum haustið 2007



Tafla 3.5

Þjóðerni nemenda sem fengu kennslu í íslensku sem öðru tungumáli

	2003 -2004	2004 -2005	2005 -2006	2006 -2007	2007 -2008
Filippseyjar	74	84	51	54	57
Pólland	23	33	33	51	113
Tæland	33	45	29	30	27
Vietnam	59	61	29	28	28
Litháen	24	31	17	27	30
Kólumbía	-	-	14	13	22
Kína	19	20	13	13	14
Rússland	15	10	6	11	10
Bandaríkin	12	15	13	10	-
Frakkland	-	-	-	8	7
Þýskaland	-	-	-	7	8
Nepal	-	7	10	7	10
Serbía	20	7	-	6	11
Portúgal	-	-	-	6	14
Albanía	10	9	-	-	-
Bretland	6	9	7	-	6
Danmörk	-	6	-	-	-
Sri Lanka	9	6	6	-	-
Noregur	9	-	-	-	-
Japan	7	-	-	-	-
Lettland	-	-	6	-	10
Samtals:	320	343	234	271	367

* Miðað er við 6 eða fleiri nemendur af sama þjóðerni

Þróun og spá um nemendafjölda

Spár um nemendafjölda hafa á undanförunum árum gengið eftir, en nemendum í grunnskólum borgarinnar hefur fækkað sl. fimm ár. Samkvæmt nemendaspá 2007 fækkar nemendum næstu tvö ár, en gert er ráð fyrir að 85,5% fæddra barna í Reykjavík skili sér í grunnskóla borgarinnar. Til grundvallar spá um nemendafjölda eru annars vegar lagðar tölur um fjölda fæddra barna í Reykjavík árið 1969-2006 og hins vegar fjöldi barna, 6-15 ára, í skólum borgarinnar á árunum 1984-2007.

Starfsmenn og starfsþróun

Alls störfuðu 2.745 starfsmenn á Menntasviði á árinu, þ.e. í grunnskólum, skólahljómsveitum, hjá Námsflokkunum og á aðalskrifstofu sviðsins. Þar af voru 2.127 í stöðum grunnskólakennara, stjórnenda, námsráðgjafa, þroskaþjálfara og bókasafnsfræðinga. Aðrir, eða um 618 manns, störfuðu sem skólaliðar, stuðningsfulltrúar, skólaritarar, skrifstofustjórar, umsjónarmenn, tölvuumsjónarmenn, í mötuneytum og við ræstingar.

Mannekla

Nokkur óvissa ríkti í lok vormisseris um hvort takast myndi að ráða í allar lausar stöður hjá grunnskólum borgarinnar fyrir haustið, en þá voru hátt í 100 stöðugildi ómönnuð. Vel gekk þó að ráða kennara og voru 97% stöðugilda þeirra fullmönnuð þegar skólarnir hófust. Engu að síður vantaði 80 starfsmenn í 72 stöðugildi í lok ágúst, þar af 38 kennara.

Mikil hreyfing var í ráðningum framan af hausti og tókst að ráða fólk í flestar stöður.

Viðhorfskannanir

Vorið 2007 gerði Capacent vinnustaðargreiningu fyrir sviðið og voru niðurstöður kynntar stjórnendum í júní. Í 10 grunnskólum var könnuninni fylgt eftir með frekari greiningar- og lausnavinnu og fékk hver skóli ráðgjafa sér til halds og trausts út skólaárið.

Námskeið

Á árinu 2007 voru haldin 38 námskeið á vegum mannauðsþjónustu Menntasviðs og sátu þau 650 skólafarismenn. Haldið var áfram með átaksverkefni frá fyrra ári um bættu hegðun og samskipti í skólum og sátu skólafarismenn og kennsluráðgjafar þjónustumiðstöðva námskeið þess efnis. Þrjú námskeið undir yfirskriftinni *Lausnarmiðað ferli til að takast á við erfiða hegðun nemenda* voru haldin fyrir grunn-

skólakennara. Einnig var haldið stutt námskeið fyrir stuðningsfulltrúa og skólaliða sem bar yfirskriftina *Viðhorf og úrræði*.

Í desember 2007 hófst nýtt stjórnendanámskeið fyrir skólafarismenn og aðstoðarskólafarismenn til að styrkja þá sem leiðtoga í starfi. Námskeiðið byggist á samvinnu stjórnenda í teymum og málstofum í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Stjórnendum var einnig boðið upp á námskeið í Agresso bókhaldskerfinu.

Í nóvember 2007 hófst 34 stunda námskeið fyrir deildarstjóra, aðstoðarskólafarismenn og aðra sem leiða teymisvinnu í grunnskólunum. Það ber yfirskriftina *Samskipti og samvinna í teymiskennslu* og hófst með komu danska sérfræðingsins, Sisse Krøll Schwarts, sem hélt dagsnámskeið fyrir 42 þátttakendur. Markmið þess var að efla milli-stjórnendur sem leiðtoga í skólafarismenn og veita hagnýt ráð um handleiðslu og lausn ágreiningsmála.

Tafla 3.6.

Námskeið á vegum Menntasviðs 2007

	Heiti / inntak	Markhópur	Námskeið	Stundafjöldi	Þátttakendur
	Bætt hegðun og samskipti í skólum	Aðstoðarskólafarismenn og kennsluráðgjafar þjónustumiðstöðva	1	30	30
	Námskeið um málþroska og læsi	Grunn- og leikskólakennarar og kennsluráðgj. þjónustumiðst.	1	50	58
	Bætt hegðun og samskipti í skólum	Skólafarismenn og kennsluráðgjafar þjónustumiðstöðva	1	40	36
	Samskipti og samvinna í teymiskennslu	Aðstoðarskólafarismenn, deildarstj. og kennsluráðgj. þjónustumiðst.	1	34	42
	Agresso-bókhaldskerfið	Nýir skólafarismenn og notendur Agresso í grunnskólum	6	4	22
	Oracle	Skólafarismenn og aðstoðarskólafarismenn	1	2	21
	Gæðahandbók skólafarismanna	Matráðar og starfsfólk í skólafarismenn	6	4	55
	Lausnarmiðað ferli til að takast á við erfiða hegðun nemenda	Grunnskólakennarar	3	60	70
	Viðhorf og úrræði	Stuðningsfulltrúar og skólaliðar	1	4	10
	Skólafarismenn sem leiðtogi	Skólafarismenn og aðstoðarskólafarismenn	1	10	84
	Íslenska fyrir erlenda starfsmenn	Erlendir starfsmenn grunnskóla	7	30	68
	Tölvutök/Heildstætt námskeið í 1 skólaár	Grunnskólakennarar	1		160
	Heildstætt nám í 1 ½ skólaár				
	Í samstarfi við Verslunarskóla Íslands og Framvegis	Skólaritarar og skrifstofustjórar	9		24
	Samtals:		38		650

Í ágúst 2007 hófst 50 stunda námskeið um málþroska og læsi í samstarfi við Leikskólasvið og Velferðarsvið. Það var fyrir grunnskólakennara í 1. og 2. bekk og leikskólakennara 4-5 ára barna með það að markmiði að efla samstarf skólástiganna.

Haldið var áfram með námskeið í *Tölvutökum*, en það nær yfir eitt skólaár og miðar að því að efla færni kennara til tölvunotkunar í kennslu. 160 grunnskólakennarar útskrifuðust í *Tölvutökum* vorið 2007 og 140 þátttakendur voru skráðir í námið á haustönn.

Í upphafi árs hófu 24 skólaritarar og skrifstofustjórar þriggja anna sérsniðið nám í samstarfi við Verslunarskólann og Framvegis. Námið er samtals 22 einingar og miðar að því að efla þekkingu og

færni, m.a. í tölvuforritum, samskiptum og samtaltækni, íslensku, viðskiptaensku og bókfærslu.

Vor 2007 fékkst styrkur úr Starfsmenntasjóði til að aðlaga námsefni í Borgarholtsskóla að dreifnámsfyrirkomulagi fyrir stuðningsfulltrúa og skólaliða. Námið verður byggt upp sem blanda af fjarnámi og staðbundnum lotum, 18 einingar fyrir skólaliða og 36 einingar fyrir stuðningsfulltrúa.

Erlendum starfsmönnum var boðið upp á námskeið í íslensku en 68 þátttakendur sátu slík námskeið á árinu. Þau voru skipulögð í samstarfi við Alþjóðahús og var boðið upp á byrjenda- og framhaldsnámskeið, auk sérnámskeiðs fyrir starfsmenn sem eru ólæsir á latneskt letur.

Námsstyrkir

Í upphafi árs voru veittir námsstyrkir til 12 kennara og stjórnenda sem voru nálægt námslokum í framhaldsnámi. 7 starfsmenn fengu 200.000 kr. styrk vegna 30 eininga diplómanáms og 5 fengu 300.000 kr. styrk vegna MA-náms. Samtals námu styrkirnir 2,9 milljónum króna.

Aðrir styrkir

Á árinu 2007 fékk menntasvið tvívegis styrk frá menntamálaráðuneyti vegna íslenskukennslu fyrir erlenda starfsmenn, samtals um 900.000 kr.



4

Starfsemi grunnskóla

Stefnumið og framkvæmd

Unnið var að endurskoðun á menntastefnu Reykjavíkurborgar á árinu í samstarfi fulltrúa í leikskóla- og menntaráði ásamt starfsfólki skólasviðanna. Í janúar var haldinn fjölmennur fundur með fulltrúum kennara, foreldra og annarra hagsmunahópa og leitað eftir sjónarmiðum þeirra og þau dregin inn í stefnumótunarvinnuna. Á árinu var framfylgt fimm megin stefnumiðum í menntamálum.

Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna

Haldið var áfram við að framfylgja stefnu um einstaklingsmiðað nám. Tveir skólar fóru af stað með tilraunaverkefni um sveigjanleg skil grunn- og framhaldsskóla í framhaldi af vinnu starfshóps sem skilaði tillögum í lok árs 2006. Þá var þróunarverkefni sett af stað í tveimur hverfum til að styrkja tengsl leik- og grunnskóla, m.a. með skráningu, mati og miðlun upplýsinga um 5 ára börnin.

Kannað var viðhorf foreldra til þess hvernig einstaklingsáætlanir skiluðu sér í námi, m.a. með ítarlegum viðtölum við rýnihópa úr ýmsum hverfum borgarinnar.

Vorið 2007 lauk tilraunaverkefni í 7 skólum um breytta viðmiðunarstundaskrá sem unnið var í samstarfi við menntamálaráðuneytið.

Starfshópur um málþroska og læsi lauk störfum og skilaði greinargerð. Í kjölfarið var haldið námskeið fyrir kennara í leik- og grunnskólum. Einnig voru stofnaðir samráðshópar í borgarhlutum til að hvetja til samstarfs leik- og grunnskóla, um verkefni til að efla málþroska og læsi.

Tafla 4.1.
Kennsla á sjúkrahúsum 1997 - 2007

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Fjöldi nemenda	252	286	215	224	187	157	186	208	191	249	250
Kennsludagar	1542	1395	1805	1177	824	824	1216	1231	1157	1340	1216
Kennslud. á nemanda	6.1	4.9	8.4	5.3	5.2	5.2	6.5	5.9	6.1	5.4	4.9

Tafla 4.2

Framhaldsskólaáfangar grunnskólanemenda vorið 2007

Skóli	Framhaldsskóli	Áfangar vorið 2007	Fjöldi nemenda
Austurbæjarskóli	M.H.	Stæ103.	26
Álftamýrarskóli	F.Á., F.T.Í., V.Í.	Nátt123, þys103, ens103, fran103, dan103, vél- og skipstj.	39
Árbæjarskóli	F.Á., B.H.S.	Stæ103, fra103, ens103, málmsmíði	27
Borgaskóli	F.T.Í., B.H.S., V.Í.	Stæ103, ens103, uppeldis- og félagsfr., málmsmíði, vél- og skipstj., ofl.greinar	16
Breiðholtsskóli	F.G., F.B., B.H.S.	Dan102, 103, stæ102, ens102, 103, málmsmíði172	26
Engjaskóli	B.H.S.	Málmsmíði, uppeldis- og félagsfr.	20
Fellaskóli	V.Í.	Ens103, dan103, stæ103	12
Foldaskóli	F.T.Í. Og B.H.S.	Ens103, uppeldis- og félagsfr., málmsmíði og vél- og skipstj.	30
Hamraskóli	F.Á. og B.H.S.	Stæ102, ens102, málmsmíði101, uppeldis- og félagsfr.	23
Háteigsskóli	F.Á., V.M.A., M.H.	Dan103, stæ103, fran103, 203, norsk103, 203, sæn103,203.	6
Hlíðaskóli	F.Á. og M.H.	Ens103, 203, sæn103, 203, dan103, stæ103, ens303	27
Hólabrekkuskóli	F.B.	Stæ102, ens102, 202, 212, 303	22
Húsaskóli	B.H.S.	Ens103, stæ103, málmsmíði172	11
Hvassaleitisskóli	F.Á. og V.Í.	Ens103, 203, 403, fran203	5
Ingunnarskóli	F.Á.	Stæ102, 202, ens102, 202	4
Klébergsskóli	B.H.S.	Málmsmíði	4
Korpuskóli	V.Í.	Enska 202, stæ202	2
Laugalækjarskóli	M.S.og F.Á.	Nátt103, isl103	20
Réttarholtsskóli	V.Í. og V.M.A.	Stæ 103, dan103,203, ens103, 203, sæn203	16
Rimaskóli	B.H.S.	Ens103, stæ103, málmsmíði, uppeldis- og félagsfr.	36
Víkurskóli	B.H.S.	Ens103, stæ, málmsmíði172, uppeldis- og félagsfr.	14
Ölduselsskóli	V.M.A.	Íprótt103, bók103, ens103, 203, stæ103, 122, dan102, fra103, hsp103	32
Samtals			418

Skóli án aðgreiningar

Grunnskólar Reykjavíkur störfuðu samkvæmt stefnu borgarinnar um skóla án aðgreiningar þar sem allir nemendur, fatlaðir og ófatlaðir, íslenskir sem erlendir, eiga val um skóla, samkvæmt ákvörðun foreldra. Þeir eiga val um almennan skóla, sérdeild eða sérskóla fyrir börn sín.

Til skólanna var úthlutað fjármagni til sérkennslu, annars vegar vegna nemenda með almenna og sértæka námserfiðleika og hins vegar vegna mikið fatlaðra nemenda og þeirra sem hafa mikla sérkennsluþörf.

Starfshópur endurskoðaði skipulag á stoðþjónustu við grunnskóla, m.a. með hliðsjón af úttekt á atferlivanda nemenda.

Starfshópur um endurskoðun á skipulagi sérskóla og sérhæfðra sérdeilda var enn að störfum í lok árs. Hópnum var falið að skilgreina og styrkja ráðgjafahlutverk sérskóla.

Fagleg umsjón með kennslu nemenda sem liggja þurftu um tíma á sjúkrahúsi á árinu 2007 var í höndum Austurbæjarskóla. Nemendur komu af öllum landinu. 250 nemendur fengu þessa þjónustu í alls 1.216 kennsludaga, eða að jafnaði 4,9 daga á hvern nemenda. Brúarskóli sá um kennslu nemenda sem voru á barna- og unglingageðdeild Landspítalans eða í greiningu á Stuðlum vegna fíkniefnaneyslu.

Góð andleg, líkamleg og félagsleg líðan

Starfshópur starfaði við að móta og innleiða viðmið um jákvæða sjálfsmýnd og félagsfærni nemenda. Það er þriggja ára verkefni sem hófst 2006 og er unnið í samstarfi við kennara og þjónustumiðstöðvar.

Staðið var fyrir málfundi í maí með nemendaráðum allra grunnskólanna um þau málefni sem helst brenna á þeim. Niðurstöður voru m.a. nýttar í vinnu við starfsáætlun Menntasviðs fyrir árið 2008.

Tafla 4.3

Framhaldsskólaáfangar grunnskólanemenda haustið 2007

Skóli	Framhaldsskóli	Áfangar haustið 2007	Fjöldi nemenda
Austurbæjarskóli	M.H.og F.Á.	Stæ103, ens103, þys103, dan103, saga103, spæ103, töl121	38
Álftamyrarskóli	V.Í. og F.Á.	Spæ103, isl103, saga103, stæ103, fél103, nátt123, þys103	17
Árbæjarskóli	F.Á. og M.H.	Ens103, stæ103, þys103, dan103, 203, 303, saga103, ens103, 203, isl103, sæn103	85
Borgaskóli	B.H.S. og F.T.Í.	Ens, stæ, félags- og uppeldisfr.,málmsmiði, vélstjórn- og skipstjórn	19
Breiðholtsskóli	F.Á. og F.B.	Ens102, dan102, stæ102	23
Engjaskóli	F.Á., B.H.S., M.H.	Stæ103, dan103, þys203	3
Fellaskóli	V.Í.	Stæ103, ens103, þys103	6
Foldaskóli	B.H.S. og F.T.Í.	Stæ, ens103, vélstjórn- og skipstjórn	10
Hagaskóli	V.Í. og F.Á.	Ens103, dan103, isl103, nátt103, stæ103, spæ103, fra103, þys103	25
Hamraskóli	V.M.A. og F.Á.	Nork103, félags- og uppeldisfr., málmsmiði, stæ103, ens103, dan103	32
Háteigsskóli	F.Á. og V.M.A.	Ísl, dan, þys, stæ, fra.	7
Hólabrekkuskóli	F.B.	Stæ102, spæ103	18
Húsaskóli	B.H.S.	Stæ103, ens103, málmsmiði	13
Hvassaleitisskóli	F.Á. og V.Í.	Ísl103, fél103, stæ122,202, fra103, 203, þys103, ens303, töl102, vél102	11
Ingunnarskóli	F.Á.	Ens103, dan103, sál103	13
Klébergsskóli	F.Á.	Ens, dan	4
Korpuskóli	F.Á.	Ens103, spæ103, þys103	8
Langholtsskóli	F.Á. og V.Í.	Ens103, isl102, töl102, vél101, bók103	11
Laugalækjarskóli	F.Á. og V.Í.	Saga103, nátt103, spæ203, ens103,203,403, isl103, stæ103	17
Réttarholtsskóli	F.Á.	Ens103, 203, 303, stæ103, dan103	14
Rimaskóli	F.Á. og B.H.S.	Ens103, stæ103, nátt, isl103, málmsmiði	54
Seljaskóli	F.Á.	Ens103, dan103, spæ103, stæ102, þys103	30
Víkurskóli	B.H.S. og F.Á.	Stæ103, ens103,203, málmsmiði, uppeldis- og félags, vélritun, spæ103, utn103	39
Vogaskóli	F.Á.	Ens103, 203, stæ102, nátt103, isl102	13
Ölduselsskóli	VMA	Ens103, 203, 203, 303, dan102, 202, norsk103, saga103	12
Samtals			522

Tengsl skóla við
grendarsamfélagið

Hugmyndabanki um samstarfsverkefni leik- og grunnskóla í grenndarsamfélaginu var settur saman og birtur á heimsíðu sviðanna. Þá var haldið málþing í apríl um aukna samfellu í skóla- og frístundastarfi barna, í samvinnu við þjónustumiðstöðvar, ÍTR og tónlistarskóla. Viðmiðunarreglur um foreldraráð voru endurskoðaðar í samstarfi við SAMFOK (Samtök foreldrafélaga og foreldraráða). Rafræn upplýsingamiðlun til foreldra um skólastarfið og einstök börn var bætt til muna.

Eins og undanfarin ár hefur grunnskólanemendum staðið til boða að ljúka framhaldsskólaáfangum, hvort heldur er í fjarnámi eða í staðbundnum lotum. Á árinu 2007 luku 940 nemendur framhaldsskólaáfangum, 522 á haustönn og 418 á vorönn. Flestir stunduðu námið í Fjölbrotarskólanum við Ármúla.

Sjálfstæði skóla og jafnræði í umgjörð

Unnið var með Framkvæmdasviði að endurgerð skólalóða í samræmi við áætlun.

Allir skólastjórnendur fengu kennslu og ráðgjöf í að nýta Agresso-bókhaldskerfið og unnið var að endurskoðun innheimtufelis fyrir mótuneyti grunnskóla.

Samstarf heimila og skóla

Til ráðgjafa um samstarf foreldra og grunnskóla bárust 96 mál á árinu. Flest þeirra kröfðust íhlutunar og var unnið úr þeim í samstarfi við skóla og þjónustumiðstöðvar sem í hlut áttu.

Bæklingur um foreldrasamstarf í grunnskólum, *Stoðir í skólastarfi*, sem er samstarfsverkefni SAMFOKS Menntasviðs og Velferðarsviðs

Reykjavíkurborgar, var á haustdögum sendur til foreldra 6 ára barna í grunnskólum borgarinnar.

Í mars 2007 var skipaður starfshópur um vinnulag vegna nemenda með mikla félags- og samskiptaörðugleika. Sameiginlegur ferill var settur fram og lýsir hann hvernig tekið er á agamálum á öllum stigum.

Kannanir og rannsóknir

Eins og undanfarin ár var leskimunin *Læsi* lögð fyrir í nemendum í 2. bekk í öllum grunnskólum borgarinnar og *Talnalykill* fyrir nemendum 3. bekkjar í 24 grunnskólum. Hlutfall nemenda í 2. bekk sem gátu lesið sér til gagns breyttist lítillega á milli ára, fór úr 65% í 66%. Um 8% nemenda í 3. bekk þurftu á sérstuðningi í stærðfræði að halda, samkvæmt niðurstöðum *Talnalykils*, og eru það heldur færri nemendur en 2006 þegar hlutfallið var 10%.

Á árinu var einnig unnið að því að taka saman niðurstöður skóla í ýmsum könnunum sem gerðar eru með reglubundnum hætti og birta þar á heimasíðu Menntasviðs. Í þeim eru ýmsar staðreyndir um skólahverfin, s.s. íbúafjöldi og hlutfall grunnskólanemenda af íbúafjölda, niðurstöður skimana og framfarastuðlar samræmdra prófa svo og niðurstöður úr viðhorfskönnunum meðal foreldra og starfsmanna og könnunum á líðan nemenda.

Í kjölfar viðhorfskönnunar hjá foreldrum grunnskólanemenda frá árinu 2006 var gerð rýnihóparannsókn vorið 2007. Alls tóku 30 foreldrar þátt í umræðum um ýmsar hliðar skólastarfs og birtust niðurstöður í skýrslunni *Hvað segja foreldrar um skólastarf?* sem finna má á heimasíðu Menntasviðs. Á árinu gerði Capacent Gallup vinnustaðargreiningu í öllum grunnskólum og komu starfsmenn tölfræði- og rannsóknþjónustu og starfsmannþjónustu að undirbúningi ásamt kynningu og eftirfylgni. Þetta var í þriðja sinn að slík vinnustaðargreining var gerð, en hún var síðast lögð fyrir árið 2005.



Áfram var haldið með starfagrein-
ingar á nýjum störfum í grunn-
skólunum og var starf skólaliða
skoðað á vormánuðum, en áður
höfðu störf náms- og starfsráðgjafa,
stuðningsfulltrúa og þroskaþjálf-
verið skoðuð.

Samráð

Starfshópur um endurskoðun á
menntastefnu Reykjavíkurborgar
boðaði til samráðsfundar
skólastjórnenda og annarra
hagsmunaaðila í byrjun árs.
Meginhlutverk hópsins var að setja
fram tillögur um markmið og
áherslur til næstu ára í námi og starfi
í leikskólum, grunnskólum,
tónlistarskólum og í fullorðins-
fræðslu. Nær 100 manns sóttu
fundinn; skólastjórnendur, kennarar
úr grunnskólum, leikskólum og
tónlistarskólum og fulltrúar foreldra.
Jón Torfi Jónasson prófessor flutti
erindi um þróun menntastefnu og
Gerður G. Óskarsdóttir, fráfarandi
sviðsstjóri Menntasviðs, talaði um

stefnumótun í menntamálum
síðustu árin. Þá var unnið í hópum
til að ná fram hugmyndum
þátttakenda og framtíðarsýn þeirra
um menntun í leik- og grunnskóla.


Náið samstarf var milli aðalskrifstofu
Menntasviðs og skólastjóra grunn-
skóla. Í samráði skólastjóra og
aðalskrifstofu Menntasviðs sitja
oddvitar skólastjóra í borgarhlutum
og formaður Skólastjórafélags
Reykjavíkur. Alls voru haldnir 10
samráðsfundir á árinu og náðist sá
áfangi í nóvember að 100. fundur
var haldinn í samráðinu, en það tók
til starfa að frumkvæði fræðslustjóra
á árinu 1996 og hefur starfað óslitið
í 12 ár.

Ráðið er vettvangur upplýsinga-
miðlunar og skoðanaskipta um
stefnumótun og framkvæmd í
málum sem efst eru á baugi hverju
sinni. Þar er einnig fjallað um efni
skólastjórafunda, símenntun og
samræmdar tímasetningar í
skólastarfinu, s.s. skólabyrjun og
vetrarfrí. Auk þessa sótti fræðslu-
stjóri í febrúar fundi skólastjóra í
öllum borgarhlutum.

Óskar S. Einarsson, skólastjóri
Fossvogsskóla, var formaður
Skólastjórafélags Reykjavíkur í
upphafi skólaárs, en Jónína Ó.
Emilsdóttir, skólastjóri Vogaskóla,
leysti hann síðar af hólmi. Fulltrúar
félagsins sátu í mörgum nefndum og
starfshópum á vegum menntaráðs,
s.s. í úthlutunarnefnd styrkja til
nýbreytni- og þróunarverkefna,
úthlutunarnefnd íslenskuverðlauna,
undirbúningsnefnd fyrir
Óskudagsráðstefnuna 2008,

Mynd 4.1

Hlutfall nemenda í 2. bekk
sem gátu lesið sér til gagns
2001-2007



starfshópi um samstarf ÍTR um fristundaheimili og í vinnuhópi um málefni barna af erlendum uppruna. Þá voru fulltrúar skólastjóra í starfshópum um sérfræðiþjónustu grunnskóla, tilhögun kennslu þroskahamlaðra nemenda, vinnulag vegna nemenda með mikla félags- og samskiptaerfiðleika og í starfshópi um bætta hegðun og samskipti í skólum. Einnig tóku þeir þátt í starfshópum um jafnréttisfræðslu, málprosa og læsi og sjálfsmynd og félagsfærni nemenda og áttu fulltrúa í fagræði um skólamötuneyti.

Nýir stjórnendur í fjórðungi grunnskóla í Reykjavík

Óvenjumiklar mannabreytingar voru meðal skólastjórna, en ellefu nýir skólastjórar tóku til starfa í grunnskólunum haustið 2007. Þá hófu tólf nýir aðstoðarskólastjórar störf. Þessar mannabreytingar skýrast að stórum hluta af keðjuverkunum vegna tilfærslna stjórnenda í starfi.

Nýir skólastjórar og aðstoðarskólastjórar

Álftamýrarskóli

Brynhildur Ólafsdóttir skólastjóri, Guðni Kjartansson aðstoðarskólastjóri.

Ártúnsskóli

Rannveig Andrésdóttir skólastjóri, Guðrún Bára Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Breiðagerðisskóli

Guðrún H. Ingimundardóttir skólastjóri, Guðlaug Ólafsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Fellaskóli

Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri, Ólöf Ingimundardóttir aðstoðarskólastjóri.

Hagaskóli

Sesselja Ingibjörg Jósefsdóttir skólastjóri, Kristín Jóhannsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Klébergsskóli

Björgvin Þór Þórhallsson skólastjóri.

Korpuskóli

Margrét Einarsdóttir skólastjóri, Ingveldur Gyða Kristinsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Laugalækjarskóli

Björn M. Björgvinsson skólastjóri, Jón Páll Haraldsson aðstoðarskólastjóri.

Laugarnesskóli

Sigríður Heiða Bragadóttir skólastjóri.

Melaskóli

Björn Pétursson skólastjóri, Helga Pálmadóttir aðstoðarskólastjóri.

Réttarholtsskóli

Jón Pétur Zimsen aðstoðarskólastjóri.

Rimaskóli

Marta Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Sæmundarskóli

Eygló Friðriksdóttir skólastjóri, Þóra Stephensen aðstoðarskólastjóri.

Ölduselsskóli

Aðalheiður Diego Hjálmarsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Skólastjórafundir 2007

Mánuður	Fundarstaður	Fundarefni
Janúar	Seláskóli	Breytt form á samræmdum prófum.
Febrúar	Fundir í borgarhlutum	Mat á skólastarfi.
Mars	Breiðagerðisskóli	Sveigjanlegur námstími í grunnskóla. Viðhorf kennara til samvinnu.
Máí	Þjóðmenningarhús	Frásagnir af námsferðum skólastjóra vorið 2007.
Júní	Öskjuhlíðarskóli	Starfsáætlun 2008.
Agúst	Álftamýrarskóli	Gæðahandbók fyrir mötuneyti. Kynning á ferli um meðferð brota á skólareglum, ofbeldis og lögbrota og ferli um sérkennsluúthlutun.
September	Réttarholtsskóli	Reykjavík - fjölmenningsborg barna. Stóra upplestrarkeppnin 10 ára.
Nóvember	Vogaskóli	Starfsáætlun 2008. Að sýna virðingu í verki, samstarf nemenda og stuðningsfulltrúa. Námskeið skólastjóra.
Desember	Kiwanishúsið v/Engjateig	Dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir flutti erindi og kynnti bók sína <i>Virðing og umhyggja</i> .

5

Tónlistarnám og fullorðinsfræðsla

Skólahljómsveitir

Reykjavíkurborg rak á árinu fjórar skólahljómsveitir, einn tónlistarskóla og veitti reglubundin fjárframlög til 18 tónlistarskóla sem reknir voru af einkaaðilum.

Skólahljómsveitirnar fjórar starfa í Vesturbæ-Miðbæ, Austurbæ, Árbæ-Breiðholti og Grafarvogi. Meginmarkmið þeirra er að jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms og stuðla að aukinni hæfni þeirra til að flytja og skapa tónlist, svo og að njóta hennar.

Um 400 nemendur stunduðu nám í skólahljómsveitum haustið 2007, starfsmenn voru 43 í rúmlega 20 stöðugildum, þar af 4 stjórnendur. Nýr stjórnandi, Einar Jónsson, tók 1. ágúst við starfi stjórnanda Skólahljómsveitar Grafarvogs.

Á starfsárinu komu skólahljómsveitirnar fram við fjölmörg tækifæri sem flest tengdust viðburðum í þeirra borgarhluta, m.a. á vor- og hausthátíðum grunnskólanna og jólaskemmtunum. Þá tóku allar sveitirnar þátt í landsmóti skólahljómsveita á Höfn í Hornafirði og tvær hljómsveitir, Skólahljómsveit Vesturbæjar- og Miðbæjar og Skólahljómsveit Austurbæjar fóru á Gautaborgarhátíðina í Svíþjóð.

Á vormisseri var gefinn út kynningarbæklingur um sveitirnar sem dreift var til allra grunnskólanema í 2., 3. og 4. bekk. Hljóðfærakynningar voru í nokkrum grunnskólum.

Heimasíða var opnuð fyrir Skólahljómsveit Grafarvogs á árinu og unnið að gerð heimasíðu fyrir hinar sveitirnar. Árgjald í skólahljómsveitir skólaárið 2007-2008 var 18.000 kr. í grunnnámi og 30.000 kr. í miðnámi. Gjald fyrir hljóðfæraleigu var 5.800 kr.

Foreldrar ánægðir með skólahljómsveitir

Niðurstöður úr viðhorfskönnun meðal forráðamanna barna í skólahljómsveitum sýndu að níu af hverjum tíu voru ánægðir með einkakennslu sem börn þeirra fengu og töldu að barni þeirra líði vel í tónlistarnámi. Um 80% forráðamanna voru ánægð með hljómsveitaræfingarnar. Könnunin leiddi líka í ljós að meira en helmingur nemenda æfði sig í 1-2 klukkustundir á viku á hljóðfæri og að 70% forráðamanna barna á aldrinum 7-10 ára aðstoðuðu þau við æfingar.

Tónlistarskólar

Alls hlutu 19 sjálfstætt starfandi tónlistarskólar föst rekstrarframlög frá borginni á árinu 2007. Einn þeirra lagði þó niður starfsemi á árinu, Tónskóli grunnskólanna.

17 tónlistarskólar eru með þjónustusamninga við borgina til ársins 2008 og einn til 2009. Fjárframlög borgarinnar til tónlistarskóla, samstarfsverkefni grunn- og tónlistarskóla og greiðslur með nemendum í tónlistarnámi í öðrum sveitarfélögum námu 820.438 milljónum kr. á árinu 2007.

Nemendur tónlistarskólanna voru 4.566 á öllum aldri og nutu þar af 3.240 styrkja frá Reykjavíkurborg, að meðtöldum reykvískum nemendum í tónlistarskólum í öðrum sveitarfélögum sem borgin greiðir framlög með.

Reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla var breytt í júní 2007. Helstu breytingar voru að reglan um 95% fasta úthlutun til tónlistarskóla og 5% sem byggja á eftirspurn var felld út. Gerðar voru breytingar á orðalagi og tilfærslur á milli efnisgreina. Þá voru formgerðar eftirlitsaðgerðir og afleiðingar vanefnda á þjónustusamningi.

Tónlistarskólar, sem eru með þjónustusamninga við Reykjavíkurborg, starfa eftir aðalnámskrá tónlistarskóla sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu. Langflestir nemendur stunda grunnnám eða alls 2.335.

Námsflokkar Reykjavíkur


Á árinu 2007 flutti öll starfsemi Námsflokka í skrifstofu- og kennsluhúsnæði að Þönglabakka 4 í Mjódd. Meginverkefna Námsflokka var að sjá um fræðsluþátt starfsendurhæfingarverkefna Velferðarsviðs og Tryggingarstofnunar, en þau kallast *Kvennasmiðjur*, *Karlasmiðjur*, *Grettistak* og *Hver*. Rúmlega 100 nemendur stunduðu nám í þessum verkefnum á árinu, en hvert þeirra stendur yfir í eitt og hálf ár. Áhersla var lögð á sjálfstærkingu, lífsleikni og skapandi og hagnýtar greinar. Nemendur fengu einnig náms- og starfsráðgjöf sem auðveldar þeim frekara nám eða að fá nýtt starf.

Þrír náms- og starfsráðgjafar störfuðu á þjónustumiðstöðvum borgarinnar á árinu, en þjónusta þeirra stendur öllum borgarbúum eldri en sextán ára til boða án endurgjalds. Þeir veittu persónulega ráðgjöf, m.a. um námsval og leiðir til að fjármagna nám, en voru líka í náninni samvinnu við annað fagfólk á þjónustumiðstöðvunum við lausn ýmissa vandamála.

Námsver í íslensku, ensku og stærðfræði voru opin almenningi, sextán ára og eldri, en þar er kennt námsefni 8.-10. bekkjar grunnskóla, auk þess sem áhersla er lögð á námstækni og markviss vinnubrögð. Kennir er á einstaklingsmiðaðan hátt og reynt að koma til móts við þarfir hvers og eins. Um 60 nemendur stunduðu nám í námsverunum.

Að auki greiddu Námsflokkarnir niður íslenskunám um 700 innflytjenda sem stunduðu nám hjá Mími-símenntun.

Mynd 5.1.
Fjárframlög borgarinnar til tónlistaskóla



6

Verðlaun og styrkir

Hvatningarverðlaun tónlistarskóla

Menntaráð ákvað snemma árs að efna til hvatningarverðlauna tónlistarnema sem stunda nám í tónlistarskólum er njóta styrks frá Reykjavíkurborg. Þau eiga að vekja athygli á metnaðarfullu starfi tónlistarskólanna í borginni. Ekki kom til úthlutunar á árinu.

Barnabókaverðlaun

Áslaug Jónsdóttir bókverkakona hlaut barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkur 2007 annað árið í röð fyrir bókina *Stór skrímsli gráta ekki* sem hún samdi og myndskreytti með Svíanum Kalle Güettler og Rakel Helmsdal frá Færeyjum. Verðlaun fyrir bestu þýðingu barnabókar hlaut Rúnar Helgi Vignisson rithöfundur fyrir *Sólvæng* eftir kanadíska rithöfundinn Kenneth Opper. Þetta var í 35. sinn að verðlaunin voru veitt. Úthlutunarnefnd var að þessu sinni skipuð Guðrúnu Pálinu Ólafsdóttur formanni, Sigrún Elsu Smáradóttur og Lilju Margréti Möller.





Barnabókaverðlaun menntaráðs.



Handhafar hvatningarverðlaunanna.



Handhafar nemendaverðlaunanna.

Nemenda- og hvatningarverðlaun

Nemendaverðlaun og hvatningarverðlaun menntaráðs Reykjavíkur voru afhent við hátíðlega athöfn í Ráðhúsi Reykjavíkur 9. júní. Á fjórða tug grunnskólanema fengu viðurkenningu fyrir að skara fram úr á ýmsum sviðum og 6 skólar voru verðlaunaðir fyrir metnaðarfullt þróunarstarf.

Handhafar hvatningarverðlauna skólaárið 2006-2007

- Grandaskóli fyrir verkefnið *Tónlistaruppeldi*
- Víkurskóli fyrir verkefnið *Námsmarkmið í lestri*
- Öskjuhlíðarskóli fyrir verkefnið *Tumi og fjársjóðurinn*

Viðurkenningar fengu

- Húsaskóli fyrir verkefnið *Lifandi bókasafn*
- Laugarnesskóli fyrir verkefnið *Katlagil*
- Foldaskóli fyrir verkefnið *Flott án fíknar*

Kvikmyndahátíð grunnskólanna

60 kvikmyndir frá nær 300 grunnskólanemum bárust í kvikmyndasamkeppnina *Töku 2007*, en að henni standa Menntasvið og Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar. Nemendur í 17 grunnskólum skiluðu inn myndum, þar af 26 leiknum stuttmyndum. Aldrei áður hafa svo margar myndir keppt til verðlauna, en þau voru veitt í þremur flokkum; fyrir heimildarmyndir, leiknar stuttmyndir og hreyfimyndir.

Nemendaverðlaun menntaráðs 2007

- Breki Þórðarson nemandi í 3. bekk Austurbæjarskóla.
- Kristín Erla Jónsdóttir nemandi í 1-2. bekk Álftamýrarskóla.
- Helga Magnadóttir nemandi í 7. bekk Árbæjarskóla.
- Gisli Þór Þórðarson nemandi í 8. bekk Borgaskóla.
- Hulda Lilja Hannesdóttir nemandi í 7. bekk Breiðdagerðisskóla.
- Baldur Jóhannesson nemandi í 10. bekk Breiðholtsskóla.
- Yrsa Ósk Finnbogadóttir nemandi í 4. bekk Engjaskóla.
- Finnur Kristjánsson nemandi í 10. bekk Fellaskóla.
- Jóhanna Edwald nemandi í 10. bekk Foldaskóla.
- Hekla Helgadóttir nemandi í 10. bekk Háteigsskóla.
- Björg Finnbogadóttir nemandi í 10. bekk Hlíðaskóla.
- Eypór Þrastarson nemandi í 10. bekk Hólabrekkuskóla.
- Vilborg Inga Magnúsdóttir nemandi í 8. bekk Húsaskóla.
- Sveinbjörn Pálmi Karlsson nemandi í 6. bekk Ingunnarskóla.
- Dagný Harðardóttir nemandi í 10. bekk Korpuskóla.
- Katrín Björnsdóttir nemandi í 10. bekk Laugalækjarskóla.
- Oddur Björnsson nemandi í 10. bekk Laugalækjarskóla.
- Kjartan Guðmundsson nemandi í 10. bekk Rimaskóla.
- Ingvar Ásbjörnsson nemandi í 10. bekk Rimaskóla.
- Bjarki Þórsson nemandi í 10. bekk Seljaskóla.
- Valgarð Hrafnsson nemandi í 5. bekk Sæmundarskóla.
- Sigríður Þórdís Pétursdóttir nemandi í Skóla Ísaks Jónssonar.
- Sæunn Marin Harðardóttir nemandi í 10. bekk Tjarnarskóla.
- Sólveig Vaka Eypórsdóttir nemandi í 7. bekk Vesturbæjarskóla.
- Ásta Kristín Pjetursdóttir 5. bekk Víkurskóla.
- Ásta Guðrún Sighvatsdóttir nemandi í 9. bekk Vogaskóla.
- Pengill Jónsson nemandi í 8. bekk Ölduselsskóla.
- Ísak Bjarnason nemandi í 8. bekk Ölduselsskóla.
- Einar Kári Guðmundsson nemandi í 9. bekk Öskjuhlíðarskóla.
- Heiðrún Eva Gunnarsdóttir nemandi í 8. bekk Öskjuhlíðarskóla.
- Kristín Hrefna Halldórsdóttir nemandi í 10. bekk Öskjuhlíðarskóla.
- Jón Margeir Sverrisson nemandi í 9. bekk Öskjuhlíðarskóla.

Tafla 6.1.
Almennir styrkir menntaráðs 2007

Styrkþegi	Verkefni	Fjárhæð
Alnæmissamtökin	Fræðslu- og forvarnarverkefni fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.	450.000
Blátt áfram	Leikbrúðusýning um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi.	600.000
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Stærðfræðikeppni í 8., 9. og 10. bekk í grunnskólum í Breiðholti.	250.000
Háskóli Íslands - Endurmenntun	„Vísindi á verði bíóferðar“ samstarfsverkefni Endurmenntunar HÍ og Vísindavefsins.	350.000
Heimili og skóli	Prentun bæklinga um tölvuleiki og merkingar á þeim fyrir foreldra.	150.000
Höfundamiðst. Rithöf.samb. Íslands	Bókmenntakynningar í grunnskólum.	600.000
Kennaraháskóli Íslands	Íhlutunaraðgerðir meðal barna í þremur grunnskólum og á heimilum þeirra.	800.000
Kraftasmiðurinn ehf	Aukin tengsl milli nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla á sviði íþróttar og stuðla að heilbrigðri og skemmtilegri keppni þeirra á milli.	500.000
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	Fræðsla til grunnskólanemenda í 3. bekk um eld, eldvarnir, umgengni og viðbrögð við eldi.	500.000
Leikfélagið Regína	Ný aðferð við fræðslu, forvarnir og skemmtifræðslu.	500.000
Skáksamband Íslands	Norðurlandamótið í skák á Íslandi; Alþjóðlega Reykjavíkurskákamótið; barna- og unglingamót á vegum SÍ; Skák í skólum, heimsóknir í grunnskóla til að kynna skák, kennsla og fjöltefni.	650.000
Textilakademían	Til símenntunar textílmenntakennara í grunnskólum Reykjavíkur.	100.000
Grétar L. Marinósson	Rannsókn um samskipti og hegðun í reykvískum grunnskóla.	250.000
Baldvin Kristjánsson	Ísbjarnarverkefnið 2007. Tilraunaverkefni 8 grunnskóla, menntamálaráðun. og Menntagáttar.	880.000
Samband íslenskra sveitarfélaga	Norræn skólamálaráðstefna.	250.000
Fuglaverndarfélag Íslands	Að kynna fuglalíf í nærumhverfi skóla og verndun þess. Vettvangsferðir, fyrirlestrar, bæklingur.	500.000
Samtökin '78	Byggja upp fræðslustarf um samkynhneigð í grunnskólum Reykjavíkur.	1.600.000
ADHD-samtökin	Áframhaldandi þróun námskeiða fyrir kennara og starfsfólk grunnskóla um skólagöngu nemenda með ADHD.	100.000
Málþing RKHÍ	Árlegt málþing Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands haldið 20.-21. október.	400.000
Anna G. Júlíusd. og Sigríður Ólafsd.	Ég vil læra íslensku. Náms efni á stafrænu formi í íslensku sem öðru tungumáli.	800.000
	Samtals:	10.230.000
Þjónustusamningar - samstarfssamningar		
Raddir	Stóra upplestrarkeppnin.	500.000
Skógræktarfélag o.fl.	Lesið í skógin - grenndarskógar.	500.000
Samfok	Byggja upp tengsl foreldra og skóla.	4.900.000
Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík	Sundkennsla fatlaðra, misþroska, ofvirkra og einhverfra grunnskólabarna.	700.000
Myndlistaskólinn í Reykjavík	Til að styrkja og efla myndlistarnám grunnskólanemenda í Reykjavík.	13.000.000
Tónmenntavefurinn	Vefstudd tónlistar- og tónmenntakennsla.	500.000
	Samtals:	20.100.000
Afmælisstyrkir grunnskóla 2007		
Tugafmæli grunnskóla árið 2007	Áætlað fyrir árið	700.000
	Samtals:	700.000
	Alls:	31.030.000

Íslenskuverðlaun

Nær eitt hundrað grunnskólanemar fengu viðurkenningu fyrir góðan árangur í íslensku á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember. Verðlaunin, glergripur eftir Dröfn Guðmundsdóttur myndhöggvara, voru afhent við hátíðlega athöfn í Borgarleikhúsi að viðstöddum fjölmörgum gestum.

Markmið íslenskuverðlaunanna, sem nýtt menntaráð stofnaði til í byrjun árs 2007, er að auka áhuga grunnskólanema á íslenskrari tungu og hvetja þá til framfara í tjáningu og töluðu og rituðu máli. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, er verndari verðlaunanna.




Íslenskuverðlaun menntaráðs veitt.

Tafla 6.2

Styrkir úr þróunarsjóði tónlistarskóla Reykjavíkur 2007

Styrkþegi	Heiti verkefnis	Fjárhæð
Allegro Suzuki-tónlistarskóli	Suzuki-kennsla ungra barna (0-3 ára).	500.000
Gítarskóli Íslands	Þróun og mat á nýju þjóðlagagítarnámskeiði fyrir 3 ára og eldri börn.	300.000
Sigursveinn Magnússon	Lögin okkar.	250.000
Tónlistarskólinn í Reykjavík	Litróf tónfræðinnar.	800.000
Tónlistarskólinn í Reykjavík	Námsefnisgerð í tónheyrn fyrir nemendur á miðstigi.	800.000
Tónskóli Sigursveins	Sinfóniuhljómsveit tónlistarskólanna og hljómsveitarnámskeið.	385.000
Tónskóli Sigursveins	Sungið og leikið.	800.000
Tónskólinn Do-Re-Mi	Nútímavæðing tónfræðigreina.	400.000
Þórir Þórisson	Hlustun og greining í grunnnámi tónlistarskóla.	1.500.000
	Samtals:	5.735.000



Tafla 6.3

Styrkir úr þróunarsjóði grunnskóla Reykjavíkur 2007

Styrkþegi	Heiti verkefnis	Fjárhæð
Austurbæjarskóli	Móðurskóli: Fjölmennningarlegur skóli	600.000
Austurbæjarskóli	Skólaminjasafn	500.000
Álftamýrarskóli	Bætt umhverfi - aukin útivera - betri liðan	500.000
Ártúnsskóli	Áhrif sandleiks og sögugerðar á sjálfsmynd og lestrargetu nemenda með frávík í lestrarfærni	350.000
Borgaskóli	myndmennt.is - þjónustuvefsíða og verkefnabanki fyrir myndlistarkennslu í grunnskólum	350.000
Borgaskóli	Áttavitinn	250.000
Brúarskóli	ART - þjálfun leiðbeinenda	600.000
Engjaskóli	Uppbygging sjálfsmyndar og félagsfærni nemenda með fjölþættan náms- og aðlögunarvanda	900.000
Fossvogsskóli	Lífstill 7 - 9 ára barna - íhlutunarrannsókn til bættrar heilsu. Samstarf Fossvogs-, Langholts- og Seljaskóla	2.700.000
Háskólinn í Reykjavík	Stærðfræði er skemmtileg	1.500.000
Háskólinn í Reykjavík	Mathematics Education in Finland and Iceland	450.000
Hliðaskóli - táknaálsvið	Hvernig geta íslenskukennarar stutt við íslenskunám barna með annað móðurmál en íslensku	400.000
Hólábrekkskóli	Netheimar vefrit	400.000
Ingunnarsk. og Norðlingask.	Móðurskólar í uppbyggingu einstaklingsmiðaðs námsmats	1.350.000
Íslenski dansflokkurinn	Strákar dansa	650.000
Korpuskóli	Netverk nju skóla í Grafarvogi. Leiðir til lausnar á atferlisvanda og sérkennslu	1.000.000
Langholtsskóli	Námsmat í sveigjanlegu skólastarfi í Langholtsskóla	600.000
Langholtsskóli	Útikennsla í túnfætinum	500.000
Laugalækjarskóli	Þverfaglegt lokaverkefni í 10. bekk	900.000
Rannveig Þorkelsdóttir og Ása Helga Ragnarsdóttir	Skólastofurannsókn. Árangur af leiklist í námi.	800.000
Rimaskóli	Meistarakokkar	500.000
Rimaskóli	Vísindadagur Rimaskóla	350.000
Selásskóli	Þekktu umhverfi þitt. Umhverfismennt í Selásskóla	500.000
Sæmundarskóli	Útikennsla og heilbrigði í Sæmundarskóla	500.000
Vesturbæjarskóli	Móðurskóli: Drengir og grunnskólinn	900.000
Víkurskóli	Einstaklingsmiðuð skólabyrjun. Samstarf leik- og grunnskóla	500.000
Vogaskóli	Heildstæð lestrarstefna í Vogaskóla	600.000
	Samtals:	19.150.000

Styrkir

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri afhenti í febrúar styrki leikskólaráðs og menntaráðs Reykjavíkurborgar við hátíðlega athöfn í Höfða. Alls var úthlutað um 70 milljónum króna í almenna styrki og til nýbreytni- og þróunarstarfs skólaárið 2007-2008.

7

Ársreikningur 2007

Upphaflegur fjárhagsrammi Menntasviðs Reykjavíkur fyrir árið 2007 var 14.464 m.kr., en hækkaði í 14.658 m.kr. á árinu eða um 193 m.kr. Hækkunin skýrist einkum af tvennu, þ.e. í fyrsta skiptið var áætluð hlutdeild Menntasviðs í sameiginlegum kostnaði Ráðhúss og í öðru lagi var áætlað fyrir innri leigu áhalda til Eignasjóðs Reykjavíkurborgar, sem ekki hefur áður verið gert.

Útgjöld voru um 16,02 milljarðar króna á árinu og tekjur um 1,65 milljarðar. Rekstrarniðurstaðan var því um 14,37 milljarðar eða 98,04% af fjárhagsramma ársins, sem var um 285 m.kr. undir fjárhagsramma sviðsins. Þegar búið var að taka tillit til um 127 m.kr. hærri endurgreiðslu úr Jöfnunarsjóði vegna sérskóla, umfram það sem fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir, var hreinn rekstrar-kostnaður sem hlutfall af fjárhags-áætlun tímabilsins 99% eða um 158 m.kr. Í heild var rekstrarniðurstaða sviðsins því mjög góð. Laun vorustærsti útgjaldaliðurinn, en hlutfall þeirra minnkaði þó eftir að innri eiga var gjaldfærð á skólana.

Í grunnskólunum vega launagjöld um 67% af heildargjöldum, en um 81% ef innri leiga er frátalin. Innri leiga vegur því mjög þungt í rekstri skólanna, eða um 17% af rekstrarkostnaði.

Almennir grunnskólar voru 0,1% undir fjárhagsáætlun eða um 8,1 m. kr. Um 52% af almennum grunnskólum eru með +/- 1% frávik frá fjárhagsáætlun. Sumir skólar, sem reknir voru yfir fjárhagsáætlun, voru með tilsvarendi afgang frá fyrri árum að hluta eða öllu leyti. Farið hefur verið yfir rekstur þeirra skóla sem fóru fram úr fjárhagsáætlun og gerð hefur verið áætlun um hvernig snúa megi rekstri þeirra við.

Rekstur sérskólanna var um 3% undir fjárheimildum ársins eða um 24 m.kr. Þar munaði mestu um að Brúarskóli náði ekki að fullmanna skólann. Öskjuhlíðaskóli hélt áfram að greiða niður uppsafnaðan halla frá fyrri árum, en Safamýrarskóli var rekinn á áætlun.

Styrkir til einkaskóla voru um 5% hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í október voru rekstrarstyrkir hækkaðir verulega, þ.e. greiðsla á hvern nemenda fór úr 600.000 kr. í 726.000 kr. Var þetta gert í samræmi við 2. mgr. 56. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 eins og henni var breytt með lögum nr. 98/2006 og 6. gr. reglugerðar nr. 320/2007 um viðurkenningu grunnskóla og lágmarksframlög úr sveitarsjóði til slíkra skóla.

Skólaakstur var um 25% undir fjárhagsáætlun ársins eða um 30 m.kr. Tókst að hagræða í skólaakstri fatlaðra umfram það sem gert var

ráð fyrir, m.a. með því að samræma flutning og einfalda akstursleiðir, en einnig náðist töluverð hagræðing með því að segja upp samningi við verktaka um akstur fatlaðra yfir sumarmánuðina. Almennur akstur var einnig minni vegna aukins húsnæðis í Norðlingaskóla og einnig varð akstur í nýju hverfunum minni en gert var ráð fyrir vegna hægari uppbyggingar.

Kostnaður vegna tónlistarskóla var um 4% undir fjárheimildum ársins eða um 42 m.kr. Helsta skýringin er að sett var á fót samstarfsverkefni milli grunn- og tónlistaskóla um tónlistarkennslu, *Músikalskt par*, en kostnaðurinn færðist einungis á 4 mánuði. Rekstur skólahljómsveita var í góðu samræmi við fjárheimildir ársins.

Námsflokkar Reykjavíkur voru um 27% undir fjárheimildum ársins eða um 17 m.kr. vegna þess að rekstrarstyrkir voru hærri en gert var ráð fyrir. Einnig var verkefnum frestað. Með þessum góða rekstri ná Námsflokkarnir nánast að greiða upp uppsafnaðan halla undanfarinna ára.

Rekstur Menntasviðs janúar – febrúar 2007

	Kostn. st.	Tekjur	Laun og launat. gjöld	Annar rekstrar-kostn.	Rekstrar-niður-staða	Esk. áætlun tímabils	Frávik tímabils	Hlutf. af Esk. áætl. tímabils	Áætlun 2007	Rekstar-niðurst. 2006
Yfirstjórn menntasviðs:										
Menntaráð	M1001		15.059	2.164	17.223	11.863	(5.360)	145%	11.432	16.290
Menntasvið aðalskrifstofa	M1010	201	175.283	56.369	231.451	243.998	12.547	95%	235.689	331.849
		191	190.800	58.065	248.674	255.861	7.187	97%	247.121	348.139
Grunnskólar:										
Vesturbæjarskóli	M2101	18.963	171.963	81.899	234.900	230.999	(3.901)	102%	218.544	223.053
Grandaskóli	M2102	18.243	182.103	113.889	277.748	262.506	(15.242)	106%	255.079	258.157
Melaskóli	M2103	35.975	312.712	140.471	417.208	416.011	(1.197)	100%	394.174	384.027
Hagaskóli	M2104	28.328	282.035	128.595	382.303	388.285	5.982	98%	364.659	369.377
Austurbæjarskóli	M2105	18.824	335.465	127.887	444.528	439.404	(5.124)	101%	398.836	430.716
Hlíðaskóli	M2106	39.829	398.902	164.920	523.993	530.993	7.000	99%	490.409	501.623
Háteigsskóli	M2107	25.362	234.209	105.328	314.175	321.439	7.264	98%	300.056	295.392
Álftamýrarskóli	M2120	21.802	212.448	101.392	292.038	307.277	15.239	95%	288.340	276.813
Hvassaleitisskóli	M2121	5.644	151.619	98.160	244.136	234.287	(9.849)	104%	228.856	229.555
Breiðagerðisskóli	M2122	22.259	196.255	107.701	281.698	286.227	4.529	98%	274.135	278.871
Réttarholtsskóli	M2123	21.939	200.436	108.921	287.419	290.062	2.643	99%	278.568	277.522
Fossvogsskóli	M2124	15.677	185.062	76.712	246.098	244.363	(1.735)	101%	229.051	254.159
Vogaskóli	M2125	8.908	214.517	93.024	298.632	305.099	6.467	98%	284.794	264.951
Langholtsskóli	M2126	30.114	346.552	149.588	466.026	455.581	(10.445)	102%	429.839	438.002
Laugalækjarskóli	M2127	28.680	175.974	114.761	262.055	263.217	1.162	100%	255.094	252.335
Laugarnesskóli	M2128	23.269	222.603	118.319	317.654	323.507	5.853	98%	290.780	279.423
Breiðholtsskóli	M2140	29.325	340.633	143.941	455.248	447.572	(7.676)	102%	401.425	438.302
Ölduselsskóli	M2141	17.293	343.287	118.008	444.001	432.913	(11.088)	103%	396.652	413.884
Seljaskóli	M2142	35.909	371.139	170.767	505.998	510.459	4.461	99%	473.209	462.750
Fellaskóli	M2143	26.646	274.227	143.814	391.395	407.129	15.734	96%	361.695	393.539
Hólabrekuskóli	M2144	21.106	297.749	155.646	432.289	432.045	(244)	100%	402.372	391.707
Seláskóli	M2145	16.145	186.394	109.538	279.786	271.262	(8.524)	103%	262.716	264.500
Árbæjarskóli	M2146	42.988	414.451	202.512	573.975	578.951	4.976	99%	547.630	530.444
Ártúnsskóli	M2147	10.431	115.994	60.324	165.887	169.457	3.570	98%	149.498	158.095
Norðlingaskóli	M2148	2.619	105.186	31.236	133.803	133.174	(629)	100%	103.017	84.611
Foldaskóli	M2160	23.012	284.136	154.773	415.897	420.402	4.505	99%	392.263	417.336
Húsaskóli	M2161	18.370	209.858	110.162	301.650	296.426	(5.224)	102%	284.936	290.663
Engjaskóli	M2162	15.216	198.784	113.166	296.734	293.872	(2.862)	101%	280.508	283.244
Rimaskóli	M2163	32.763	387.199	173.573	528.009	526.960	(1.049)	100%	497.599	500.862
Hamraskóli	M2164	15.914	214.330	103.610	302.027	303.834	1.807	99%	291.670	296.991
Borgaskóli	M2165	20.432	207.757	116.519	303.843	305.375	1.532	99%	287.731	289.076
Korpuskóli	M2166	14.618	160.126	73.189	218.697	215.589	(3.108)	101%	202.414	202.091
Víkurskóli	M2167	11.503	154.574	105.226	248.297	252.625	4.328	98%	236.905	234.353
Ingunnarskóli	M2168	30.882	263.662	148.324	381.105	377.383	(3.722)	101%	450.110	420.779
Sæmundarskóli	M2169	506	98.079	29.277	126.849	129.697	2.848	98%		
Klébergsskóli	M2170	12.125	116.014	78.373	182.261	182.100	(161)	100%	170.761	172.884
		761.622	8.566.436	4.173.548	11.978.362	11.986.482	8.120	100%	11.174.325	11.260.090



Rekstur Menntasviðs janúar – febrúar 2007 frh.

	Kostn. st.	Tekjur	Laun og launat. gjöld	Annar rekstrar-kostn.	Rekstrar-niður-staða	Esk. áætlun tímabils	Frávik tímabils	Hlutf. af Esk. áætl. tímabils	Áætlun 2007	Rekstar-niðurst. 2006
Sérskólar:										
Öskjuhlíðarskóli	M2182	5.219	360.321	66.106	421.208	425.977	4.769	99%	400.924	384.947
Safamyrarskóli	M2183	3.546	104.011	24.554	125.020	124.602	(418)	100%	123.573	130.208
Brúarskóli	M2187	925	137.246	41.258	177.579	196.905	19.326	90%	195.025	174.397
Skóli Ísaks Jónssonar	M2190		9.068	(9.068)		185	185	0%		
		9.689	610.646	122.850	723.807	747.669	23.862	97%	719.522	689.553
Miðlæg þjónusta og safnliðir:										
Endurgreitt v. sérskóla	M2180	598.056			(598.056)	(470.600)	127.456	127%	(470.600)	(543.539)
Styrkir til einkaskóla	M2191		12.433	304.097	316.530	300.964	(15.566)	105%	295.000	181.036
Forföll	M2201					(50.019)	(50.019)	0%	92.000	
Endurúthlutun á haustönn o.fl.	M2202		378	2.360	2.738	52.110	49.372	5%	69.000	
Sérkennsla	M2206	2.305		17.433	15.128	5.172	(9.956)	292%	507.600	14.804
Nýbúakennsla	M2207	7.188	2.693	4.794	299	(1.304)	(1.603)	-23%	77.067	(605)
Uppgjör sveitarfélaga vegna skólakostn	M2208	228.230		61.651	(166.579)	(180.000)	(13.421)	93%	(81.000)	(163.697)
Sálfræðiþjónusta skóla	M2219		1.258		1.258	347	(911)	362%		2.732
Skólasafnamiðstöð	M2220		16.684	7.553	24.237	20.575	(3.662)	118%	20.500	25.885
Sameiginleg tölvuþjónusta	M2221	17.920	36.923	163.248	182.250	176.997	(5.253)	103%	103.497	188.015
Réttindagreiðslur vegna tölvuforrita	M2222			42.975	42.975	49.000	6.025	88%	49.000	32.322
Skólaakstur	M2223			94.286	94.286	125.000	30.714	75%	125.000	120.951
Sameiginleg þjónusta grunnskóla	M2224	(7.439)	18.554	82.233	108.226	144.022	35.796	75%	200.635	73.138
Launa- og bókhaldsþjónusta	M2225		41	(41)						49.748
Kostnaður vegna meiðsla skólabarna	M2227			673	673	2.000	1.327	34%	2.000	526
Þjónustu- og rekstrarsvið	M2230			145.812	145.812	145.846	34	100%	272.063	265.832
Kannanir	M2270			3.577	3.577	8.400	4.823	43%	8.400	7.644
Símenntun	M2272	2.371	27.190	44.289	69.108	71.543	2.435	97%	70.740	108.149
		848.631	116.153	974.940	242.462	400.053	157.591	61%	1.340.902	362.942



Rekstur Menntasviðs janúar – febrúar 2007 frh.

	Kostn. st.	Tekjur	Laun og launat. gjöld	Annar rekstrar-kostn.	Rekstrar-niður-staða	Esk. áætlun tímabils	Frávik tímabils	Hlutf. af Esk. áætl. tímabils	Áætlun 2007	Rekstar-niðurst. 2006
Listaskólar og skólahljómsveitir:										
Skólahljómsveit Vesturbæjar	M3002	2.973	28.361	3.721	29.109	30.580	1.471	95%	26.410	24.548
Skólahljómsveit Austurbæjar	M3003	3.155	29.453	3.821	30.119	29.723	(396)	101%	25.593	25.665
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts	M3004	1.991	25.171	3.147	26.327	28.674	2.347	92%	24.623	22.199
Skólahljómsveit Grafarvogs	M3005	1.736	20.699	4.608	23.572	27.189	3.617	87%	24.047	19.806
Tónlistarskólar	M3100	198	6.339	812.310	818.451	858.042	39.591	95%	745.000	709.565
Tónlistarsk. Kjalarness	M3201	1.305	9.053	579	8.326	7.475	(851)	111%	5.900	7.362
Tónlistarsk. Foldaskóla	M3202		3.843	28	3.871		(3.871)			
		11.358	122.919	828.213	939.774	981.683	41.909	96%	851.573	809.145
Fullorðinsfræðsla:										
Námsflokkar Reykjavíkur	M4001	19.291	31.998	32.947	45.654	62.500	16.846	73%	62.500	58.882
		19.291	31.998	32.947	45.654	62.500	16.846	73%	62.500	58.882
Styrkir til menntamála:										
Styrkir til fræðslumála og þróunarsjóður	M5001		52.938	52.938	58.003	5.065	91%	57.000	54.724	
				52.938	52.938	58.003	5.065	91%	57.000	54.724
Annað:										
Nýsköpunarsjóður námsmanna	09508		12.000	12.000	12.000		100%	12.000	12.000	
Framlög til framh.sk.	M6000			61.997	61.997		(61.997)			270.836
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði (MSR)	M9000			17.380	17.380	99.401	82.021	17%		
Stofnframkvæmdir Framkvæmdasviðs	M9980			911	911		(911)			4.235
Innri leiga áhalda og tækja	M9998			49.359	49.359	55.000	5.641	90%		47.013
				141.647	141.647	166.401	24.754	85%	12.000	334.084
Menntasvið samtals		1.650.783	9.638.953	6.385.148	14.373.318	14.658.652	285.334	98%	14.464.943	13.917.559

8

Útgáfur árið 2007

Skóladagar - einstaklingsmiðað nám á miðstigi.

Í ritinu er lýst skipulagi og útfærslu skóla á stefnu um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda.

Höfundur Birna Sigurjónsdóttir.

Einstaklingsmiðað nám og mat á skólalastarfi.

Námsferð skólastjóra til Kaupmannahafnar og Helsingjaborgar.

Ritstjóri Guðrún Edda Bentsdóttir

Einstaklingsmiðað nám.

Námsferð aðstoðarskólastjóra til Virginíu .

Ritstjóri Birna Sigurjónsdóttir.

Gæðahandbók skólalastuneyta.

Ritstjórn Jóhanna Eyrún Torfadóttir og Sýni ehf.

Tónlistarnám og samþætt listgreinakennsla í Minneapolis í Bandaríkjunum.

Náms og kynnisferð.

Ritstjóri Laufey Ólafsdóttir.

Handbók um netverk skóla.

Efni frá námskeiði skólastjóra í Cambridge.

Ritstjóri Birna Sigurjónsdóttir.

Skólahald í Úlfarsárdal.

Skýrsla vinnuhóps um nýjan grunnskóla.

Ritstjóri Birna Sigurjónsdóttir

Skýrsla starfshóps um málproska og læsi í leik- og grunnskólum.

Ritstjóri Guðrún Edda Bentsdóttir.

Reykjavík – fjölmenningsborg barna.

Greinargerð vinnuhóps.

Samstarf skóla við trúar- og lífsskoðunarhópa.

Skýrsla starfshóps.

Vinnustaðgreining í grunnskólum Reykjavíkur.

Capacent Gallup.

Sveigjanlegur námstími í grunnskóla.

Tillögur og greinargerð starfshóps.

Starfsáætlun 2007.

Ritstjórn Sigrún Björnsdóttir og fl.

Ársskýrsla 2006.

Umsjón Sigrún Björnsdóttir.

9

Yfirlit yfir grunnskóla Reykjavíkur 2007-2008

Skóli	Heimilisfang	Vefsíða	Staður
Austurbæjarskóli	v/Vitastíg	www.austurbaejarskoli.is	101 Reykjavík
Álftamyrarskóli	Álftamýri 79	www.alf.to.is	108 Reykjavík
Árbæjarskóli	v/Rofabæ	www.arbaejarskoli.is	110 Reykjavík
Ártúnsskóli	Árkvörn 6	www.artunsskoli.is	110 Reykjavík
Borgaskóli	Vættaborgum 9	www.borgaskoli.is	112 Reykjavík
Breiðagerðisskóli	v/Breiðagerði	www.breidagerdisskoli.is	108 Reykjavík
Breiðholtsskóli	Arnarbakka 1-3	www.breidholtsskoli.is	109 Reykjavík
Brúarskóli	Vesturhlíð 3	www.bruarskoli.is	105 Reykjavík
Engjaskóli	Vallengi 14	www.engjaskoli.is	112 Reykjavík
Fellaskóli	Norðurfelli 17-19	www.fellaskoli.is	111 Reykjavík
Foldaskóli	Logafold 1	www.foldaskoli.is	112 Reykjavík
Fossvogsskóli	Haðalandi 26	www.fossvogsskoli.is	108 Reykjavík
Grandaskóli	v/Keilugranda	www.grandaskoli.is	107 Reykjavík
Hagaskóli	Fornhaga 1	www.hagaskoli.is	107 Reykjavík
Hamraskóli	Dyrhömrum 9	www.hamraskoli.is	112 Reykjavík
Háteigsskóli	v/Háteigsveg	www.hateigsskoli.is	105 Reykjavík
Hlíðaskóli	Hamrahlíð 2	www.hlidaskoli.is	105 Reykjavík
Hólabrekkuskóli	Suðurhólum 10	www.holabrekkuskoli.is	111 Reykjavík
Húsaskóli	v/Dalhús	www.husaskoli.is	112 Reykjavík
Hvassaleitisskóli	v/Stóragerði	www.hvassaleitisskoli.is	108 Reykjavík
Ingunnarskóli	Mariubaugi 1	www.ingunnarskoli.is	113 Reykjavík
Klébergsskóli	Kjalarnesi,	www.klebergsskoli.is	116 Reykjavík
Korpuskóli	v/Korpúlfsstaðaveg	www.korpuskoli.is	112 Reykjavík
Langholtsskóli	Holtavegi 23	www.langholtsskoli.is	104 Reykjavík
Laugalækjarskóli	v/Laugalæk	www.laugalaekjarskoli.is	105 Reykjavík
Laugarnesskóli	Kirkjuteigi 24	www.laugarnesskoli.is	105 Reykjavík
Melaskóli	v/Furumel	www.melaskoli.is	107 Reykjavík
Norðlingaskóli	Árvaði 3	www.nordlingaskoli.is	110 Reykjavík
Réttarholtsskóli	v/Réttarholtsveg	www.retto.is	108 Reykjavík
Rimaskóli	Rósaríma 11	www.rimaskoli.is	112 Reykjavík
Safamyrarskóli	Safamýri 5	www.safamyrarskoli.is	108 Reykjavík
Selásskóli	v/Selásbraut	www.selasskoli.is	110 Reykjavík
Seljaskóli	Kleifarseli 28	www.seljaskoli.is	109 Reykjavík
Sæmundarskóli	Gvendargeisla 168	www.saemundarskoli.is	113 Reykjavík
Vesturbæjarskóli	Sólvallagötu 67	www.vesturbaejarskoli.is	101 Reykjavík
Víkurskóli	v/Hamravík	www.vikurskoli.is	112 Reykjavík
Vogaskóli	v/Ferjuvog	www.vogaskoli.is	104 Reykjavík
Ölduselsskóli	Ölduseli 17	www.öldusel.is	109 Reykjavík
Öskjuhlíðarskóli	Suðurhlíð 9	www.oskjuhlidarskoli.is	105 Reykjavík



Reykjavíkurborg

Menntasvið | Fríkirkjuvegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 411 7000 | menntasvid@reykjavik.is | www.menntasvid.is